

Þrjú kyn

1. Inngangur

Í íslenskum málfræðibókum kemur hugtakið **kyn** yfirleitt við sögu á tvennan hátt.¹ Annars vegar er bent á að kyn íslenskra nafnorða sé **fast**, þ.e. að þau **hafi kyn**, og hins vegar er talað um að lýsingarorð, flest fornöfn og töluorðin *einn*, *tveir*, *þrír* og *fjórir* (og samsetningar með þeim) **kynbeygist**.² Þá er yfirleitt gengið út frá því að í íslensku máli séu þrjú kyn, **karlkyn**, **kvenkyn** og **hvorugkyn**.³ Til að sýna þetta eru svo tekin dæmi eins og þessi:

- (1) a. nafnorð: *diskur* (kk.), *skeið* (kvk.), *borð* (hk.)
- b. lýsingarorð: *gulur* (kk.), *gul* (kvk.), *gult* (hk.)
- c. fornafn: *minn* (kk.), *mín* (kvk.), *mitt* (hk.)
- d. töluorð: *tveir* (kk.), *tvær* (kvk.), *tvö* (hk.)

Síðan er kannski sagt að kynbeyging þeirra orða sem taka henni ráðist í hverju tilviki af samhenginu — kynbeygjanlegu orðin verði að vera í sama kyni og orðin sem þau „standa með“, „eiga við“, „standa fyrir“ eða „vísa til“. Þetta er þá sýnt með dæmum á borð við þessi:

¹ Ég þakka tveim ónafngreindum yfirlesurum og ritstjóra *Íslensks máls* fyrir margar góðar ábendingar við fyrri gerð þessarar greinar. Ýmsir aðrir hafa lesið frumdrög þessarar greinar eða hliðstæð skrif eftir mig og gefið góðar ábendingar sem hafa nýst mér vel, svo sem Anton Karl Ingason, Eiríkur Rögnvaldsson, Finnur Ágúst Ingimundarson, Guðrún Þórhallsdóttir, Halldór Ármann Sigurðsson, Helgi Bernóðusson, Katrín Axelsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og fleiri. Þeim er hér með þakkað fyrir ábendingarnar en þau bera auðvitað enga ábyrgð á því hvernig ég fór með þær.

² Hér mætti telja fleiri flokka kynbeygjanlegra orða, svo sem ákveðna greininn, lýsingarhátt þátíðar og e.t.v. fleira, eftir því hvers konar orðflokaskiptingu er gert ráð fyrir, en það skiptir ekki máli hér.

³ Kynin eru jafnan talin í þessari röð og þeim raðað samkvæmt henni í beygingarlýsingum. Það er að sumu leyti hentugt. Til dæmis er karlkyn þeirra orða sem kynbeygjast jafnan uppflöttimyndin í orðabókum og í ýmsum fornöfnum er nf.et. eins í karlkyni og kvenkyni en hvorugkynið er þá sér á báti (sbr. *hvor* kk. eða kvk., *hvort* hk.).

- (2) a. **gulur** (kk.) diskur (kk.), **gul** (kvk.) skeið (kvk.), **gult** (hk.) borð (hk.)
 b. diskurinn (kk.) er **gulur** (kk.) og skeiðin (kvk.) **hún** (kvk.) er líka **gul** (kvk.)

Í þessum ábendingum er þá miðað við **málfræðilegt kyn** — nafnorðið *diskur* er málfræðilega karlkyns, *skeið* kvenkyns og *borð* hvorugkyns og það ræður kyni beygjanlegra ákvæðisorða sem standa með þeim eða eiga við þau og við getum þess vegna líka notað persónufornöfnin *hann* (kk.), *hún* (kvk.) og *það* (hk.) í tengslum við þessi orð. Í sumum málfræðibókum er svo líka bent á það að persónufornafnið *hún* sé notað um konur og aðrar kvenkyns lífverur, *hann* um karla eða karlkyns lífverur og nú á síðustu misserum fornafrnið *hán* um fólk sem skilgreinir sig hvorki karlkyns né kvenkyns.⁴ Þetta er þá kannski kallað **merkingarlegt kyn** til aðgreiningar frá því málfræðilega.

Þetta virðist ekki flókið mál í fljótu bragði og líklega hefur hinn almenni málnotandi litlar áhyggjur af kyni í íslensku máli, trúlega minni en af fallbeygingu til dæmis. Ef leitað er í gagnagrunninum *Tímarit.is* koma upp þrjú dæmi um orðið *kynbeyging* en 241 dæmi um orðið *fallbeyging* þegar þetta er ritað. Á undanförunum árum hefur málfræðiformdeildin kyn þó fengið vaxandi athygli og komið allvíða við sögu í ræðu og riti. Sú umræða hefur ekki síst snúist um kyn kynbeygjanlegra orða (lýsingarorða, fornafrna, töluorða ...). Hún hefur hins vegar oft liðið fyrir það að þátttakendur í henni skilja ekki allir á sama veg þau hugtök sem þar eru notuð. Þetta eru reyndar býsna mörg hugtök eins og sjá má af eftirfarandi lista, sem þó er ekki tæmandi:

- (3) bendivísun, beygingarlegt kyn, beygingarsamræmi, eðliskyn, endurvísun, félagslegt kyn, karllægni, kynhlutleysi, kyninngilding, kynjað mál, kynjahalli, kynjasamræmi, líffræðilegt kyn, líkingarkyn, málfræðilegt kyn, málfræðilegt samræmi, merkingarlegt kyn, merkingarlegt samræmi, náttúrulegt kyn, orðasafnskyn, orðkyn, ómarkað kyn, raunkyn, raunverulegt kyn, samræmiskyn, samræmisstigveldi, sjálfgefið málfræðilegt kyn, túlkanlegt kyn, vísandi kyn

Ég ætla ekki að ræða öll þessi hugtök eða reyna að skilgreina þau í smáatriðum. Ég ætla hins vegar að halda því fram að hægt sé að greiða úr

⁴ Þetta fornafrn er kannski ekki komið inn í margar málfræðibækur enn sem komið er. Þó má t.d. finna það í kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar (2017:178), málfræðihandbók Höskuldur Þráinssonar (2021a:233–234) og það er líka í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) og *Íslenskri nútímamálsorðabók* á Netinu.

mörgum flækjum í umræðunni um kyn í íslensku með því að nota hugtökin **samræmiskyn**, **vísandi kyn** (e. *referential gender*) og **sjálfgefið málfræðilegt kyn** (e. *default grammatical gender*). Það má líta svo á að þetta séu þau „þrjú kyn“ sem heiti greinarinnar vísar til öðrum þræði, en auðvitað snýst hún líka um hlutverk karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns í málinu. Aðalspurningarnar sem reynt er að svara í greininni má því orða svo:

- Hvað er átt við með samræmiskyni, vísandi kyni og sjálfgefnu málfræðilegu kyni?
- Hvenær fáum við samræmiskyn á kynbeygjanlegum orðum, hvenær vísandi kyn og hvenær sjálfgefið málfræðilegt kyn?

Þessar spurningar eru áhugaverðar frá almennu fræðilegu sjónarmiði, enda hefur málfræðiformdeildin kyn notið vaxandi athygli í fræðilegum skrifum á alþjóðavettvangi á undanförunum áratugum (sjá t.d. ítarlegt yfirlit hjá Hellinger og Bußmann 2001; Matasović 2004 og Kramer 2015) og líka innlendum (sjá t.d. greinar í vefritinu *Málfrægir* 30 og rit sem þar er vísað til). En svörin eiga líka að geta haft hagnýtt gildi, svo sem þegar gefnar eru leiðbeiningar um málnotkun eða gengið frá texta. Þetta er þó fyrst og fremst lýsandi og skýrandi málfræðigrein og í henni er auðvitað mikið vísað til fyrri skrifa málfræðinga um þetta efni og stuðst við þau. Í meginhluta greinarinnar mun ég aftur á móti að mestu leiða hjá mér þau skrif um kyn í íslenskri málnotkun sem snúast fyrst og fremst um það hvernig íslenskt mál og málnotkun **ætti** að vera frá pólitísku sjónarmiði eða málstýringarsjónarmiði af því að þau skrif fjalla yfirleitt ekki um málfræðilega greiningu. Þó verður vikið að málstýringu í viðauka og hún tengd við þá málfræðilegu greiningu sem hér er sett fram. Vonandi getur sú greining nýst í málstýringarumræðu í framhaldinu.

Skipulag greinarinnar er á þessa leið: Í 2. kafla er stutt upprifjun um nokkur helstu einkenni íslenska kynjakerfisins eins og þeim er lýst í íslenskum málfræðibókum. Í 3. kafla er reynt að svara þeim spurningum sem nefndar voru hér frammar, að hluta til með því að lýsa kynjakerfinu á svólítið annan hátt en algengast er og nota til þess þau „þrjú kyn“ sem nefnd voru. Í 4. kafla er stuttur samanburður við kynjakerfi færeysku til frekari skýringar. Í 5. kafla eru svo lokaorð en í eftirmála (þ.e. 6. kafla) er vikið að málstýringu.

2. Helstu einkenni íslenska kynjakerfisins

Ef íslensk málfræðirit eru skoðuð kemur í ljós að höfundarnir eru að mestu leyti sammála um einkenni og eðli kynjakerfisins þótt skýringar þeirra séu ekki alltaf alveg samhljóða. Hér á eftir verður gefið stutt yfirlit yfir þetta til að setja eftirfarandi umræðu í sögulegt samhengi. Það sem þar segir fer í langflestum tilvikum saman við mína eigin máltilfinningu, dæmi sem má finna í heimildum og tilfinningu þeirra málnotenda sem ég hef spurt.

2.1 Málfræðilegt kyn, beygingarsamræmi og merkingarlegt kyn

Þegar kynbeygjanleg orð standa sem ákvæðisorð með nafnorði er það alltaf hið málfræðilega kyn nafnorðsins sem ræður kynbeygingunni. Kyn lýsingarorða sem standa sem sagnfyllingar ræðst líka oftast af kyni þess nefnifallsfrumlags sem þau eiga við og kyn fornafna er líka oft í samræmi við kyn þeirra orða sem þau eiga við eða „standa fyrir“ eða „vísa til“ eins og það er stundum orðað (sjá dæmin í (2) og umræðuna í framhaldi af þeim). Eins og ráða má af orðalaginu hér ofar (*alltaf, oftast, oft ...*) eru engar undantekningar frá þessu þegar um er að ræða hliðstæð ákvæðisorð en þær koma fyrir þegar um er að ræða sagnfyllingar og þó enn frekar þegar fornöfn eiga í hlut. Í (4)–(6) eru sýnd dæmi úr ýmsum málfræðiskrifum um slíkar undantekningar:⁵

- (4) a. Krakkarnir mínir (kk.ft.) hafa alltaf verið **ánægð** (hk.ft.) í skólánum. (Guðrún Þórhallsdóttir 2015a:273)
 b. Foreldrar mínir (kk.ft.) eru **skilin** (hk.ft.). (sama stað)
- (5) Bréfitari (kk.et.) skrifar [...] **Hún** (kvk.et.) segir að ... (Guðrún Kvaran 2005:202)

⁵ Þar sem ég tek dæmi af þessu tagi frá öðrum hef ég oft leyft mér að breyta uppsetningu þeirra og bæti stundum inn leturbreytingum. Það hef ég gert hér og í mörgum síðari dæmum þótt þess sé ekki getið sérstaklega. Mörg dæmanna í þessari grein eru hins vegar frá mér sjálfum komin. Þegar ég legg mat á þau miða ég yfirleitt við mína eigin máltilfinningu og það sem ég þekki úr málheimildum án þess að vitna sérstaklega til slíkra heimilda. Þegar ég segi að eitthvað sé eða sé **ekki** sagt svona eða hinsegin þá geta auðvitað verið undantekningar frá því þótt ég þekki ekki slík dæmi. Ég undanskil hér dæmi þar sem fólk er að reyna að breyta máltilfinningu sinni í pólitískum tilgangi.

- (6) **Nemendurnir** (kk.ft.) töldu að þetta væru ósanngjarnar kröfur. Skólastjórinn yrði að hlusta betur á röksemdir þeirra. **Þeir** (kk.ft.)/**Pau** (hk.ft.) gætu bara alls ekki komist yfir allt námsefnið á þessum tíma. (Höskuldur Þráinsson 2005:517–518)

Málfræðingarnir skýra yfirleitt þau frávik frá beygingarsamræmi sem hér eru sýnd dæmi um. Þannig bendir Guðrún Þórhallsdóttir (2019) á að málnotendur forðist kannski að segja *Foreldrar mínir eru skildir* þegar um skilnað er að ræða af því að *skildir* er samhljóða við *skyldir* og Eiríkur Rögnvaldsson (2012:42) bendir líka á þetta. Guðrún Kvaran (2005) nefnir að dæmi hennar sé úr útvarpsþætti og segir að þegar mælandinn viti að bréfritarinn sé kona sé „oftast betra að láta raunkynið ráða“. Í setningafræðihandbók minni frá 2005 segir að með því að nota karlkynið *þeir* í dæmi (6) velji málnotandinn svokallaða **endurvísun** (e. *anaphoric reference*), þ.e. vísi í sjálft nafnorðið *nemendur* sem þarna fer á undan og miði við málfræðilegt kyn þess. En ef nemendahópurinn sé þekktur, eða „kominn á skrá“ í samtalinu eins og það er orðað, sé hægt að vísa til hans með **bendivísun** (e. *deictic reference*) og þá sé eðlilegt að nota hvorugkynsformið *þau* ef hópurinn er blandaður.⁶

Málfræðingar sem hafa fjallað um frávik frá málfræðilegu kynjasamræmi af því tagi sem nú voru sýnd dæmi um hafa bent á að það sé sjaldgæfara þegar sagnfyllingar eiga í hlut en þegar um fornöfn er að ræða. Þannig segir Guðrún Þórhallsdóttir (2015a:273) að ‘merkingarlegt samræmi’ (e. *semantic agreement*) sé ‘mikið notað’ („widely used“) þegar persónufornöfn eiga í hlut og Þorbjörg Þorvaldsdóttir (2017:6) segir að það komi ‘talsvert oft’ („quite frequently“) fyrir í slíkum tilvikum.⁷ Þær vitna báðar í þessu samhengi í svonefnt **samræmisstígveldi** (e. *agreement hierarchy*) sem er kennt við breska málfræðinginn Greville C. Corbett og mætti setja fram á þessa leið (sjá t.d. Corbett 1979:204, 2006:207):⁸

⁶ Af þessu leiðir þá líka að ef um væri að ræða kvenkyns nemendur eingöngu væri eðlilegt að vísa til nemendahópsins með kvenkynsforminu *þær* og ef nemendurnir væru allir karlkyns gæti karlkynsformið *þeir* líka haft „bendivísun“ í þessum skilningi, þótt það sé ekki nefnt þarna í bókinni. — Athugið líka að þegar talað er um „blandaða hópa“ í þessari grein getur það oftast eins átt við hópa kynsegin fólks. Það er vert að hafa þennan möguleika í huga þótt kannski sé ekki alltaf bent á hann.

⁷ Í erlendum málfræðiritum er latneska heitið *constructio ad sensum* stundum notað um dæmi þar sem merkingarlegt kyn er tekið fram yfir málfræðilegt.

⁸ Corbett er reyndar með tilvísunarfornöfn í sínu stígveldi, en þeim er sleppt hér því að í íslensku eru beygjanleg tilvísunarfornöfn yfirleitt ekki notuð heldur óbeygjanlegu tilvísunartengingar *sem* og *er*.

(7) hliðstætt ákvæðisorð > sagnfylling > persónufofnafn

Samkvæmt þessu á samræmi á hliðstæðum ákvæðisorðum að vera líklegast, bæði í tungumálum heimsins almennt og innan tiltekins tungumáls, samræmi sagnfyllingar næstlíklegast og samræmi persónufofnafna ekki eins líklegt. Ef þetta stigveldi gildir í íslensku er ekki við því að búast að merkingarlegt kyn geti keppt við málfræðilegt þegar hliðstætt ákvæðisorð (einkunn) á í hlut, enda virðist það vera raunin eins og áður var nefnt. Þetta hafa ýmsir málfræðingar bent á með hliðsjón af dæmum í þessum stíl (t.d. Grönberg 2002; Norris 2012; Halldór Ármann Sigurðsson 2015; Guðrún Þórhallsdóttir 2015a; Einar Freyr Sigurðsson 2017; Þorbjörg Þorvaldsdóttir 2017; Finnur Ágúst Ingimundarson 2020; Höskuldur Þráinsson 2022a):⁹

- (8)a. Hún var **góður**/***góð** forseti.
 b. Þar voru **þrír**/***þrjár** svannar.
 c. **Allar**/***Allir** skyttur þurfa leyfi.
 d. Þetta er **stórt**/***stór** naut.
 e. Hann/Hún er **fint**/***finn**/***fin** skáld.

Í a-dæminu stendur lýsingarorðið *góður* sem ákvæðisorð (einkunn) með karlkynsnafnorðinu *forseti* og lagar sig að því í kyni og tölu. Stjörnumerkingin sýnir að þar væri ekki hægt að nota kvenkynsformið *góð* og þá gildir einu þótt til dæmis væri verið að tala um Vigdísu forseta. Í b-dæminu stendur töluorðið með karlkynsnafnorðinu *svannar*. Þá er aðeins hægt að nota karlkynið *þrír* og ekki kvenkynsformið *þrjár* þótt nafnorðið *svanni* merki 'kona'. Í c-dæminu er kvenkynsnafnorðið *skyttur* í fleirtölu og þar kemur aðeins til greina að nota kvenkynsformið *allar* af ákvæðisorðinu og karlkynið *allir* gæti ekki gengið þótt verið væri að ræða um karlkyns skyttur. Á svipaðan hátt verður að nota hvorugkynsformið *stórt* með hvorugkynsnafnorðinu *naut* og það gengur t.d. ekki að nota karlkynsformið *stór* í d-dæminu þótt naut séu karlkynsverur. Loks er sýnt að með hvorugkynsnafnorðinu *skáld* verður að nota hvorugkynsformið *fint* og karlkyn eða kvenkyn lýsingarorðsins gengur ekki þótt verið sé að ræða karlskáld eða kvenskáld.

Stigveldi Corbetts spár því að tiltölulega auðvelt ætti að vera að finna dæmi um persónufofnöfn sem sýna ekki málfræðilegt samræmi af því

⁹ Hér eru dæmin ýmist í eintölu eða fleirtölu en alltaf í nefnifalli til einföldunar. Dæmin sýna þá samræmi í kyni og tölu en auðvelt er að sannfæra sig um að samræmið getur líka náð til falls með því að breyta um fall á aðalorðinu.

tagi sem hér hefur verið til umræðu og það voru einmitt slík dæmi sem þær Guðrún og Þorbjörg töldu algeng. Halldór Ármann Sigurðsson (2015) fjallar líka ítarlega um slík dæmi og bendir á að „merkingarlegt samræmi“ fornafna er algengt en þess háttar samræmi er meiri takmörkunum háð þegar sagnfyllingar eiga í hlut (sjá einkum 3. og 4. kafla í grein hans). Guðrún Þórhallsdóttir (2015a:275) nefnir líka skemmtilegt dæmi úr gamalli málfræðibók (Bjarni Jónsson 1893:53) sem sýnir svipaðan mun fornafna og lýsingarháttar:

(9) Skáldið (hk.) er **sungið** (hk.) til moldar; **hann** (**hún**) var afbragð skálda.

Hér gerir bókarhöfundur ekki ráð fyrir öðru en hvorugkyni á lýsingarhættinum *sungið* sem sýnir málfræðilegt samræmi við *skáldið* en telur að það megi annaðhvort nota karlkynsfornafnið *hann* eða kvenkynsfornafnið *hún* til að vísa til þessa tiltekna skálds, allt eftir því hver eigi í hlut.

Niðurstaðan er því sú að málfræðilegt samræmi í íslensku sé að verulegu leyti eins og vænta má miðað við stigveldi Corbetts: Það er undantekningarlaust þegar um hliðstæð ákvæðisorð er að ræða en sagnfyllingar sýna stundum frávik frá því og persónufornöfn enn frekar. Eftir stendur hins vegar sú spurning hvað það er sem ræður því hvenær víkja má frá málfræðilegu samræmi og velja í staðinn það sem sumir málfræðingar hafa kallað merkingarlegt samræmi. Sú spurning verður rædd í 3. kafla.

2.2 Ólíkt blutverk málfræðilegu kynjanna

Í íslenskum málfræðibókum er víða bent á að málfræðilegt karlkyn er notað á kynbeygjanlegum orðum þegar þau eru sérstæð án þess að verið sé að vísa í persónur af tilteknu kyni. Um þetta segir Kristján Árnason (1980:39) til dæmis: „ef ekki er vitað um kyn þess sem t.a.m. er spurt um með spurnarfornafninu *hver*, þá er það yfirleitt látið standa í karlkyni“ og tekur þetta dæmi:

(10) **Hverjir** eru það sem halda því fram að misrétti ríki í heiminum?

Um dæmið segir hann síðan (sama stað): „Hér er notað karlkynsform fornafnsins þótt varla sé gert ráð fyrir því að það séu bara karlmenn sem benda á misrétti.“ Um sérstæð óákveðin fornöfn segir hann svo að þau fái kyn „í samræmi við náttúrulegt kyn þeirra sem við er átt, ef það er ljóst“, en sé það hins vegar „óljóst eða látið liggja milli hluta, verður, eins og í tilvikum spurnarfornafnanna, karlkynið ofan á“. Þessi atriði sýnir hann svo með dæmum:

- (11)a. **Einhverjir** urðu ástfangnir af stúlkunum úr Kvennaskólanum.
 b. **Einhverjar** urðu óléttar í sjötta bekk.
 c. **Eitthvað** olli reiði skólastjórans.
 d. **Allir** vita að jörðin er hnöttótt.

Ef átt er við karla er eðlilegt að nota karlkyn af fornafninu eins og í a-dæminu, en sé átt við konur er notað kvenkyn eins og í b-dæminu. Í c-dæminu eru persónur ekki lengur sérstaklega á dagskrá heldur 'hvað sem er' og þá er notað hvorugkynsformið *eitthvað*.¹⁰ Um d-dæmið segir Kristján að í því felist engin staðhæfing um það að aðeins karlmenn viti að jörðin er hnöttótt þótt þar sé notuð karlkynsmyndin *allir*.

Kannski hefur Kristján (1980) verið fyrstur íslenskra málfræðinga til að benda á hina almennu eða kynhlutlausu merkingu málfræðilegs karlkyns í dæmum eins og (10) og (11d). Mörg dæmi svipuð (11d) má hins vegar finna í öðrum íslenskum málfræðibókum. Hér eru nokkur þeirra:¹¹

- (12)a. **Enginn** má yfirgefa húsið. (Eiríkur Rögnvaldsson 2013:149)
 b. **Allir** tapa á verðbólgunni. (sama stað)¹²
 c. **Enginn/Engin/*Ekkert** má fara illa með dýr.
 (Guðrún Kvaran 2005:202)
 d. **Fatlaðir** njóta ekki alltaf fullra réttinda.
 (Höskuldur Þráinsson 2005:53)
 e. Í þessu húsi eru þjónustuíbúðir fyrir **aldraða**. (sama stað)
 f. Hvað **ungur** nemur **gamall** temur. (sama stað)
 g. **Sá** sem tók lyklana mína er beðinn að skila þeim strax.
 (sama riti, bls. 83)
 h. Staðan hjá **hvítum** er betri en hjá **svörtum**. (sama riti, bls. 53)
 i. **einn, tveir, þrír, fjórir**, fimm ... (sama riti, bls. 104)

¹⁰ Í málfræðibókum stendur yfirleitt að hvorugkynsmyndin *eitthvað* sé notuð þegar fornafnið er sérstætt en *eitthvert* þegar það er hliðstætt, t.d. *eitthvert vandamál*. Þótt ýmsir geti notað *eitthvað* sem hliðstætt fornafn (sbr. *eitthvað vandamál*) kemur yfirleitt ekki til greina að nota *eitthvert* sem sérstætt fornafn (sbr. **Eitthvert olli reiði skólastjórans*).

¹¹ Hér eru aðeins tekin dæmi úr málfræðibókum. Eins og áður er vikið að og nánar kemur fram síðar í greininni hafa dæmi af þessu tagi líka verið rædd í ýmsum tímaritsgreinum og fyrirlesturum, einkum í skrifum Guðrúnar Þórhallsdóttur (sjá heimildaskrá).

¹² Yfirlesari benti á að í endurskoðaðri útgáfu þessa rits gerir Eiríkur eftirfarandi athugasemd við þessi dæmi (2017:149, leturbr. mín): „Á seinustu árum hefur þó komið fram **sterk krafa frá mörgum** um að reyna að breyta þessu og nota hvorugkyn í staðinn – segja *Engin mega yfirgefa húsið* (hér er eintalan *ekkert* ónothæf og nota verður fleirtölu í staðinn) og *Öll tapa á verðbólgunni*.“ Við komum aðeins að þessari kröfu í eftirmála.

Skýringar málfræðinganna á þessari notkun karlkynsins eru mjög líkar. Þannig bendir Eiríkur Rögnvaldsson (2013:149) á að karlkynið sé notað á þennan hátt „í ýmsum almennum staðhæfingum eða fyrirskipunum“. Guðrún Kvaran (2005:202) hefur svipað orðalag og bendir á að karlkynið í dæmum eins og (12c) „nær til allra“, kvenkynið aðeins til kvenna og hvorugkynið „er óhugsandi“ þar. Ég lýsti notkun karlkynsins í (12d,e) á samsvarandi hátt í setningafræðihandbókinni (Höskuldur Þráinsson 2005: 53), en dæmi (12f) er málsháttur og þar er karlkynið jafnan notað í kynhlutlausri merkingu. Um dæmi (12g) sagði ég að þar kæmi aðeins til greina að nota karlkyn ábendingarfornafnsins *sá* ef ekkert er vitað um kyn sökuðólgsins vegna þess að karlkynið er „hlutlaust eða sjálfgefið (e. *default*)“ (Höskuldur 2005:83), ólíkt kvenkyninu. Kvenkynið *sú* myndi þess vegna fela í sér að verið væri að ásaka konu um verknadinn og hvorugkynið *það* kemur augljóslega ekki til greina. Dæmi (12h) er úr skákmáli og þar er notað karlkyn í þessu samhengi og kvenkyn væri ótækt þótt konur væru að tefla. Loks átti dæmi (12i) að sýna hvaða form við notum af töluorðunum þegar við teljum og erum ekki að telja neitt sérstakt, t.d. þegar talið er upp í tíu í leikjum. Þar notum við karlkynið og hlutleysi þess tengist kannski því að það er líka uppflertimynd kynbeygjanlegra orða í orðabókum.¹³

Flest dæmin sem hér hafa verið tekin um almennt eða kynhlutlaust hlutverk málfræðilegs karlkyns eiga við fólk (sjá þó dæmi (12h,i)). Í slíku samhengi gengur hvorugkyn eintölu ekki (sbr. (12c)). Það er aftur á móti notað þegar átt er við ‘hvað sem er’ eins og Kristján Árnason benti á í tengslum við dæmi (11c). Þessi munur karlkynsins og hvorugkynsins kemur skýrt fram í eftirfarandi dæmi:

(13) Sástu **einhvern/eitthvað**?

Án samhengis væri karlkynið hér túlkað sem ‘einhverja persónu’ án tillits til kyns. Hvorugkynið hefur hins vegar merkinguna ‘eitthvað yfirleitt’.

Hvorugkyn eintölu kemur líka fram á sagnfyllingum þegar frumlagið er setning eða er í aukafalli. Eiríkur Rögnvaldsson (2013:148) bendir á þetta og sýnir með dæmum sem mætti setja upp á þennan hátt:

¹³ Hér er vert að leggja áherslu á að sjálfgefna málfræðilega kynið kemur bara fram þegar talið er „án samhengis“, eins og bent er á í textanum. Um leið og við hugsum okkur að við séum að telja eitthvað sérstakt, t.d. bolta (kk.), dósir (kvk.) eða spil (hk.), stjórnar kyn þess sem talið er kyninu á töluorðunum, jafnvel þótt við nefnum ekki viðkomandi nafnorð.

- (14)a. [Að María skuli elska Jón] er **ótrúlegt**. (frumlagið er setning)
 b. Stelpunni er **kalt**. (frumlagið er í aukafalli)

Hér kemur aðeins hvorugkyn eintölu til greina og Eiríkur telur það til marks um að hvorugkynið sé „ómarkað“. Það breytist ekki þótt reynt sé að setja frumlagið í fleirtölu og sögnin helst þá líka í þriðju persónu eintölu eins og sýnt er í (15):

- (15)a. [Að María skuli elska Jón] og [að hún skuli ætla að giftast honum]
er/*eru ótrúlegt/*ótrúleg.
 b. Stelpunum **er/*eru kalt/*kaldar**.

Hér er hvorugkyn eintölu af lýsingarorðunum því nokkurs konar „ósamræmismynd“ rétt eins og þriðja persóna eintölu af sögninni, þ.e. það form sem við fáum þegar sagnfyllingin og sögnin geta ekki lagað sig að frumlagi, sem þó er fyrir hendi í þessum tilvikum.¹⁴ Frumlög í aukafalli geta hins vegar stjórnað samræmi á fornöfnum sem eiga við þau, sbr. að við gætum sagt *Hetjunum* (kvk.) *var kalt því að þær* (kvk.) *voru illa klæddar* jafnvel þótt hetjurnar væru allar karlar.

2.3 Dregið saman

Svo er að sjá sem þeir málfræðingar sem vitnað var til hér framar séu í aðalatriðum sammála um kyn í íslensku máli þótt þeir noti ekki allir sama orðfæri eða sams konar dæmi. Aðalatriðin má draga saman líkt og hér er gert (þetta er auðvitað orðalag mitt, ekki þeirra höfunda sem í hlut eiga):

¹⁴ Sigríður Mjöll Björnsdóttir orðar það svo að samræmi sé *inert* eða ‘óvirkt’ í þessu samhengi (2021:52 o.v.) og þess vegna komi hið ómarkaða hvorugkyn fram. Sérstætt hvorugkyn kemur líka fram á ýmsum stöðum þegar ekki er verið að tala um fólk. Hér eru tvö dæmi:

- (i)a. Hún býr á Háteigsvegi **þrjú/*þrír**.
 b. Klukkan er **tvö/*tvær**.

Í fyrra tilvikinu má hugsa sér að hvorugkynsorðið *númer* sé undanskilið. Það er erfiðara að færa hliðstæð rök fyrir hvorugkyninu í síðara dæminu. Ef þar stæði *Klukkan sló tvö* mætti hugsa sér að hvorugkynsorðið *högg* væri undanskilið. Kannski er orðalagið *er tvö* orðið til fyrir áhrif frá *sló tvö*. En þetta gæti líka verið vegna þess að hvorugkynið er hlutlaust í samböndum af þessu tagi eins og Guðrún Kvaran (2001) og Eiríkur Rögnvaldsson (2021) benda á. Eins og dæmi á borð við (12i) benda til (þ.e. samhengislaus talning eins og „einn, tveir, þrír, fjórir“) gildir þetta þó ekki almennt um töluorð sem sýna ekki samræmi við neitt frumlag því að þar er notað karlkyn. Helgi Skúli Kjartansson (2021:79n) nefnir líka eftirfarandi dæmi um að karlkyn sé notað í nokkuð óvæntu samhengi: „há N1“ er lesið „há enn **einum**“ en bókstafsheitin *N* er þó hvorugkyns.

- (16)a. Bent er á mikilvægi þess að greina á milli málfræðilegs kyns og merkingarlegs kyns.
- b. Vakin er athygli á því að málfræðilega kynið tengist einstökum orðum, merkingarlega kynið á við eiginleika þeirra sem orðin vísa til.
- c. Málfræðilegt karlkyn er notað í almennum staðhæfingum eða fyrir-mælum, eða þegar merkingarlega kynið er ekki vitað eða ótilgreint, og á þá ekkert sérstaklega við karla. Í þeim skilningi er það þá kynhlutlaust.
- d. Í sumum tilvikum er hægt að velja á milli málfræðilegs kyns og merkingarlegs en merkingin er þá ekki nákvæmlega sú sama.

Umfjöllunin hér á undan hefur þó aðeins að litlu leyti svarað þeim meginspurningum sem voru settar fram í upphafi greinarinnar. 3. kafli snýst meira um það.

3. Þrjú kyn

Greinarmunurinn á málfræðilegu kyni og merkingarlegu (sem stundum er líka kallað *eðliskyn*, *raunkyn*, *náttúrulegt kyn* og fleira) er tiltölulega einfaldur þegar um nafnorð er að ræða. Hann er stundum skýrður með því að segja að merkingarlega kynið eigi við eiginleika þeirra lífvera sem orðin vísa til og sé þannig ekki eiginleiki orðanna sjálfra á sama hátt og málfræðilega kynið (sbr. Kristján Árnason 1980:37 og umræðu í kafla 2.1 hér framar). Hugtökin málfræðilegt kyn og merkingarlegt duga hins vegar ekki nægilega vel til að skýra það sem mætti kalla verkaskiptingu kynjanna þegar rætt er um kyn þeirra orða sem taka kynbeygingu. Þar er betra að miða við eftirfarandi þrískiptingu eins og nefnt var í inngangi:

- (17)a. samræmiskyn
 b. vísandi kyn
 c. sjálfgefið málfræðilegt kyn

Ég hef áður skrifað um þessa þrískiptingu kynjanna (Höskuldur Þránínsson 2022b) en hér verður fjallað nokkru ítarlegar um hana en þar var rúm til. Ég styðst auðvitað við ýmsar fyrirmyndir í þessari orðanotkun og þeim skilgreiningum sem fylgja. Þó held ég að aðrir hafi ekki notað orðið *samræmiskyn* í þessu samhengi og ég þekki ekki beina erlenda samsvörun þess.¹⁵ Með

¹⁵ Ég þakka Halldóri Ármanni Sigurðssyni fyrir að benda mér á að nota þetta orð um fyrirbærið.

Því er átt við það sem venjulega er kallað *málfræðilegt kyn* þegar um er að ræða kynbeygjanleg orð eins og nánar verður skýrt hér á eftir. *Vísandi kyn*¹⁶ á að nokkru leyti við það sem oftast er kallað *merkingarlegt kyn* en skilgreiningin er svolítið önnur en hefðbundið er. *Sjálfgengið málfræðilegt kyn* var lauslega nefnt í kafla 2.2. En lítum nú nánar á þessi hugtök og greinarmun þeirra.

3.1 Samræmiskyn og vísandi kyn

Samræmiskyn felur í sér að kyn kynbeygjanlegs orðs lagi sig að málfræðilegu kyni tiltekens orðs í textanum (eða orðs sem mælandinn hefur í huga, sbr. nmgr. 13). Samræmiskyn kemur fram við eftirtalin skilyrði:

- (18)a. **Alltaf** þegar kynbeygjanleg orð (lýsingarorð, fornöfn, töluorð ...) standa sem hliðstæð ákvæðisorð (einkunnir) með nafnorðum því að þá þiggja þau málfræðilegt kyn sitt frá þeim (sbr. dæmin í (2) og (8)).
- b. Þegar kynbeygjanleg orð eru sagnfyllingar og frumlag setningarinnar er í nefnifalli (sbr. dæmin í (2)).
- c. Þegar persónufornöfn eiga við tiltekið orð sem hefur komið fyrir í textanum á undan (sbr. (2)).

Eins og orðalagið í a-liðnum bendir til, og þegar hefur verið lýst, eru engar undantekningar frá því að hliðstæð ákvæðisorð lagi sig í kyni að orðinu sem þau standa með. Þar kemur samræmiskyn alltaf fram. En samræmiskyn kemur ekki alltaf fram þegar sagnfyllingar og persónufornöfn eiga í hlut. Eins og bent var á hér framar eru slíkar undantekningar frá samræmiskyni býsna algengar þegar um er að ræða persónufornöfn en sjaldgæfari í tilviki sagnfyllinga. Það er einmitt það sem búast má við miðað við samræmisstígveldið sem sýnt var í (7). Lítum því fyrst á persónufornöfnin.

3.1.1 Samræmiskyn, vísandi kyn og persónufornöfn

Fornafnið *hann* er í samræmiskyni í dæmunum í (19) (sjá líka umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2022b:24):

¹⁶ Guðrún Þórhallsdóttir (2009) stakk upp á því að nota orðalagið *vísandi kyn* fyrir það sem hefur verið kallað *referential gender* á ensku, en studdist reyndar ekki mikið við það í sinni umræðu um „kynlegar hliðar“ á kyni. Enska orðalagið *referential gender* er notað á sama hátt og *vísandi kyn* hér í fyrri grein eftir mig (Höskuldur Þráinsson 2022a) og ég nefni líka *vísandi kyn* í grein í *Morgunblaðinu* (Höskuldur 2021b). Grönberg (2002) notar orðalagið *referential gender* í umfjöllun um kyn í íslensku máli.

- (19)a. Forsetinn vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er **hann** tekur við störfum. (10. gr. núgildandi stjórnarskrár)
- b. Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar **hann** tekur við störfum. (samsvarandi grein í tillögum Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá, sjá t.d. <http://www.thjodaratkvaedi.is/2012/stjornarskrain_og_tillogur/iv_kafli_forseti_islands.html>)

Hér sýnir karlkynið *hann* samræmi við hið málfræðilega kyn nafnorðsins *forseti*. Vegna þess að hér er ekki verið að ræða um neinn tiltekinn forseta kemur **vísandi kyn** ekki til greina. Ef hins vegar væri verið að ræða um einhvern ákveðinn forseta væri hægt að nota **vísandi kyn** sem gæti þá verið annað en samræmiskynið. Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum (sjá líka umræðu í kringum dæmin í (4), (5) og (6) hér framar):

- (20)a. eftir að núv. forseti Íslands lýsti því yfir að **hún** mundi ekki gefa kost á sér til endurkjörs (Svavar Gestsson í þingræðu 11. desember 1995; fundið í *Risamálheildinni*)
- b. Forsetinn undirstrikaði í ávarpinu að **hún** væri forseti allra landsmanna (*RÚV.is* 22. júní 2013, sjá <<https://www.ruv.is/frett/lofar-bot-og-betrun-i-brasilu>>)

Í fyrra dæminu er verið að ræða um Vigdísí Finnbogadóttur, sem þá var forseti Íslands, en í því síðara um Dilmu Rouseff, sem á þeim tíma var forseti Brasilíu. Í báðum tilvikum er því verið að vísa til tiltekinna kvenna og þá er alveg eðlilegt að nota **vísandi kyn**, sem hér er annað en samræmiskynið. Sá munur á samræmiskyni og **vísandi kyni** sem hér er skýrður kemur líka fram í eftirfarandi dæmum frá Höskuldi Þráinssyni (2021b):

- (21)a. Forsætisráðherra stýrir fundum ríkisstjórnar, enda er **hann** sá ráðherra sem ...
- b. Forsætisráðherra kom á fundinn, enda hefur **hún** mikinn áhuga á ...

Ef um er að ræða almenna staðhæfingu um hlutverk forsætisráðherra og ekki verið að vísa í neina tiltekna persónu er ekki um annað að ræða en nota samræmiskyn, þ.e. láta fornafníð samræmast nafnorðinu *forsætisráðherra* í kyni. Það er eðlilegt að skilja a-dæmið þannig. En ef verið er að ræða um tiltekinn forsætisráðherra er hægt að nota **vísandi kyn** líkt og gert er í b-dæminu. Þar er augljóslega ekki samræmi í kyni milli kvenynsfornafnsins *hún* og karlkynsnafnorðsins *forsætisráðherra*.¹⁷ Sams konar

¹⁷ Hér er líka vert að benda á þann mun í notkun tíða sem kemur fram í þessum

munur kemur fram í eftirfarandi dæmum sem eru tekin úr dreifiblaði fyrir fyrirlestur (Guðrún Þórhallsdóttir 2009):

- (22)a. Þegar gestir koma eiga þeir að biða í biðstofunni.
b. Gestirnir koma kl. 6. Þau hafa öll verið bóluset.

Í fyrra dæminu er sett fram almenn regla og þá sýnir fornafnsmyndin *þeir* samræmi við karlkynsnafnorðið *gestir*. Í b-dæminu er hins vegar verið að ræða um tiltekna gesti og mælandinn veit að gestahópurinn er blandaður. Þá er hægt að nota vísandi kyn, þ.e. segja *þau* og vísa þar með til eðliskyns gestanna í stað þess að láta fornafnið sýna samræmi við undanfarandi nafnorð.

Með nafnorðum sem geta átt við einstaklinga af mismunandi kyni, eins og *forseti*, *forsætisráðherra* og *gestur* í dæmunum hér frammar, birtast fornöfn ýmist í samræmiskyni eða vísandi kyni eins og við höfum séð. Nafnorð eins og *skáld* og *leikmaður* (til dæmis í knattleikjum) eru líka af þessu tagi eins og sjá má af eftirfarandi dæmum sem fundust í *Risamálheildinni* (sjá líka Höskuld Þráinsson 2022b:24–25):

- (23)a. skáldið „ídealíserar“ hana ekki, en það ... (samræmiskyn)
b. skiftir allmiklu máli fyrir skáldið [...] því að hann ... (vísandi kyn)
c. skáldið hefur þurft að valda þeim vonbrigðum þar sem hún ... (vísandi kyn)
d. Stundum fá leikmenn kallið áður en þeir eru tilbúnir. (samræmiskyn)
e. við þekkjum hina leikmennina og vitum að þær eru ... (vísandi kyn)
f. Ég er hrifin af leikmönnum liðsins því þær eru ... (vísandi kyn)

Í a-dæminu sýnir hvorugkynsnafnið *það* samræmi í kyni við nafnorðið *skáldið* þótt tiltekið skáld sé augljóslega til umræðu. Í b- og c-dæmunum er hins vegar vikið frá málfræðilegu samræmi og notað vísandi kyn þar sem *hann* vísar greinilega til einhvers ákveðins skáldkarls og *hún* til ákveðinnar skáldkonu. Í d-dæminu er verið að ræða um leikmenn almennt, hvert sem hið líffræðilega kyn þeirra er, og þá stýrir nafnorðið *leikmenn* samræmiskyni á fornafninu *þeir*. En í dæmum e og f er verið að ræða um tiltekna knattspyrnukonur og þá er hægt að nota vísandi kyn og segja *þær* í staðinn fyrir að láta fornafnið samræmast nafnorðinu *leikmenn* í kyni.

dæmum. Í b-dæminu er notuð þátíð (*kom*) af því að þar er verið að tala um ákveðið tilvik og ákveðna persónu. Í a-dæminu er notuð nútíð af því að staðhæfingin er almenns eðlis.

3.1.2 Samræmiskyn, vísandi kyn og sagnfyllingar

Dæmin í (4) hér framar sýndu að samræmiskyn kemur ekki alltaf fram á sagnfyllingum. Þau eru endurtekin í (24) en þar hefur samræmiskyninu verið bætt við til samanburðar:¹⁸

- (24)a. Krakkarnir mínir hafa alltaf verið **ánægðir/ánægð** í skólanum.
 b. Foreldrar mínir eru **skildir/skilin**.

Í umræðu um dæmi af þessu tagi er oft talað um málfræðilegt kyn annars vegar (fyrri kosturinn í hvoru tilviki) og merkingarlegt kyn hins vegar (eða raunkyn eða eðliskyn, sbr. áður). Hér er því hins vegar haldið fram að skýrara sé að tala um samræmiskyn (þá sýnir sagnfyllingin málfræðilegt samræmi við frumlagið) og vísandi kyn. Seinni kosturinn felur nefnilega yfirleitt í sér að verið er að vísa til ákveðinna persóna og þá ræður kynferði þeirra kyninu á sagnfyllingunni. Mælandinn myndi t.d. ekki segja *Krakkarnir mínir eru ánægð* ef hann ætti eingöngu dætur.

Þótt yfirleitt sé hægt að nota samræmiskynið í dæmum af þessu tagi getur ýmislegt þó haft áhrif á það hvort valið er. Eins og nefnt var hér framar er líklegt að samhljómur orðanna *skildir* og *skyldir* hafi þau áhrif að fólk veigri sér við því að segja *Foreldrar mínir eru skildir* ef um skilnað er að ræða. Ef við litum svo á eftirfarandi dæmi er líklegt að málnotendur séu kannski ekki á einu máli um það að hvaða marki vísandi kynið (seinni kosturinn) getur gengið ef við hugsum okkur að vitað sé að löggurnar hafi verið karlar:¹⁹

- (25)a. **Yngsta/*Yngsti** löggan (samræmiskyn)
 var **erfið** viðureignar. (samræmiskyn)
 var **erfiður** viðureignar. (vísandi kyn)
 b. Löggurnar lentu í rigningu (samræmiskyn)
 og urðu **rennblautar**. (samræmiskyn)
 og urðu **rennblautir**. (vísandi kyn)

¹⁸ Þótt franska kynjakerfið sé að verulegu leyti svipað því íslenska mun vera erfiðara í frönsku en íslensku að víkja frá samræmiskyni með því að nota vísandi kyn (merkingarlegt kyn) þegar lýsingarorðsagnfyllingar eiga í hlut, sbr. eftirfarandi dæmi (hér tekið frá Jóni Axel Harðarsyni 2001:255):

(i) Le nouveau professeur (kk.) est **beau** (kk.)/***belle** (kvk.).

[Orðrétt: „Hinn nýi kennari er fallegur/*falleg.“]

Hér gengur kvenkyn sagnfyllingarinnar víst ekki þótt verið væri að tala um tiltekinn kvenkennara.

¹⁹ Fyrsta dæmið er hér lagað eftir dæmi hjá Önnu Helgadóttur (2011:22), hin að hluta til eftir dæmi hjá Guðrúnu Þórhallsdóttur (2015a:272) en aukin og breytt í samræmi við ábendingar frá yfirlæsara.

- c. Löggurnar lentu í rigningu og
 og þær urðu **rennblautar**. (samræmiskyn)
 og þeir urðu **rennblautir**. (vísandi kyn á þeir)
- d. Grey löggurnar.
 Þær lentu í rigningu og urðu **rennblautar**. (samræmiskyn)
 Þeir lentu í rigningu og urðu **rennblautir**. (vísandi kyn á þeir)

Í fyrsta dæminu kemur aðeins samræmiskyn til greina á hliðstæða ákvæðis-orðinu *yingsta*, eins og búast má við miðað við samræmisstigveldið sem lýst var í (7). Mér sýnist líka að dæmin með fornöfnunum (c og d) geri vísandi kyn (seinni kostinn) auðveldara en í a og b (og þá sýnir kynið á eftirfarandi sagnfyllingu *rennblautir* væntanlega samræmi við þeir). Það myndi líka passa við samræmisstigveldið: Það er auðveldara að víkja frá samræmiskyni þegar fornöfn eiga í hlut en sagnfyllingar.²⁰

3.1.3 Frekari dæmi um vísandi kyn

Í umræðum um það sem hér hefur verið kallað vísandi kyn er stundum tekið svo til orða að þegar það er notað sé vísað „út fyrir málið“. Með því er átt við að ekki sé um að ræða málfræðilegt samræmi við neitt tiltekið orð í samhenginu eða textanum. Hér á undan voru sýnd dæmi þar sem velja mátti á milli samræmiskyns og vísandi kyns af því að tiltekinn undanfari (e. *antecedent*) fyrir samræmiskyn var fyrir hendi í textanum. Þá var samræmiskynið oft nærtækara en vísandi kynið. En stundum er enginn slíkur mállegur undanfari fyrir hendi eins og sjá má í eftirfarandi dæmum og þá er það aðeins vísandi kynið sem kemur til greina (sjá Höskuld Þráinsson 2005:516–518):

- (26)a. Kennarar ganga framhjá hópi nemenda sem stendur fyrir utan skrifstofu skólástjóra. Þá geta kennararnir valið á milli eftirfarandi kosta, allt eftir því hvernig hópurinn er samsettur:
 Hverju ætli þau/þeir/þær séu nú að mótmæla?
- b. Nemandi stendur upp, náfölnur, og gengur út úr kennslustofunni. Kennarinn segir:
 Ætli henni sé eitthvað illt?
- c. Áhorfandi á knattspyrnukappleik fylgist með leik í kvennaktatt-

²⁰ Athugið líka að til þess að vísandi kynið geti gengið þarf umræðan helst að snúast um tilteknar þekktar löggur sem hægt er að vísa til. Þess vegna hljómar einkennilega ef sagt er til dæmis *Þegar löggur lenda í rigningu verða þeir fúlir*. Sjá þó umræðu um staðalímyndir og „félagslegt kyn“ í kafla 3.2.4.

spyrnunn og verður vitni að glæsilegum samleik liðsfélaga sem endar með marki.

Djöfull eru þær góðar!

Í engu þessara tilvika á fornafnið við eitthvert nafnorð sem búið er að nefna áður. Það er bara ljóst af samhenginu eða aðstæðunum til hverra er verið að vísa — til sýnilegs hóps nemenda í fyrsta tilvikinu, tiltekins kvenkynsnemanda í öðru tilvikinu og ákveðinna knattspyrnukvenna í því síðasta. Það eru augljós líkindi milli dæma af þessu tagi og þeirra dæma um vísandi kyn persónufornafna sem lýst var hér framar. Í setningafræðihandbókinni (Höskuldur Þráinsson 2005) notaði ég orðið *bendivísun* um þetta, en hin enska samsvörun þess, *deictic reference*, er vel þekkt úr umræðu um vísun persónufornafna. Guðrún Þórhallsdóttir hefur líka notað þetta orð í umræðu um kyn (t.d. 2008, 2009, 2022). Það hugtak um vísun fornafna sem samsvarar því sem hér hefur verið kallað *samræmiskyn* er þá *endurvísun* (e. *anaphoric reference*), en þá er átt við það þegar fornafn vísar til tiltekins orðs sem kemur fyrir í undanfarandi texta.²¹

Þótt orðin *bendivísun* og *endurvísun* henti oft vel þegar talað er um fornöfn er hér lagt til að nota frekar orðin *vísandi kyn* og *samræmiskyn* þegar verið er að fjalla um kyn kynbeygjanlegra orða almennt. Ástæðan er í fyrsta lagi sú að þegar sagnfylling lagar sig að frumlagi í kyni orkar tvímælis að tala um „vísun“ (e. *reference*) í því samhengi. Í öðru lagi á *bendivísun* ágætlega við um þá merkingu fornafna sem dæmi eru sýnd um í (26) því að þar ræðst vísunin af aðstæðum (e. *deixis*) og jafnvel er hægt að gera hana ótvíræðari með bendingum. En orðið hentar ekki eins vel þegar verið er að ræða um merkingu kynbeygjanlegra orða af ýmsu tagi sem vísa út fyrir textann. Aftur á móti er það í ágætu samræmi við fræðilega málnotkun að öðru leyti að tala um *vísandi kyn* (e. *referential gender*) á þann hátt sem hér hefur verið stungið upp á og þar eru greinileg líkindi milli persónufornafna og annarra kynbeygjanlegra orða í dæmum eins og þessum (sjá Höskuld Þráinsson 2022a:354):

- (27) Hugsum okkur að við séum að horfa á hlaup. Þá getum við t.d. sagt eitthvað af þessu um hlaupara sem eru rétt komnir í mark:
- a. **Hann** hljóp svakalega vel!
 - b. Ekkert smá **fljót**!
 - c. Ókei. **Öll þrjú** komin í mark.

²¹ Ég held að Jón Hilmar Jónsson (1982) sé upphafsmaður þess að nota orðin *bendivísun* og *endurvísun* um þá notkun fornafna sem hér er lýst.

Í a-dæminu hefur persónufornafnið *hann* greinilega bendivísun og karlkynið er þá vísandi kyn því að það sýnir ekki samræmi við neitt orð sem á undan er komið heldur vísar til ákveðins karlhlaupara. Í b-dæminu vísar lýsingarorðið *fljót* á sama hátt til tiltekins kvenhlaupara og í c-dæminu hljóta óákveðna fornafnið *öll* og töluorðið *þrjú* að vísa til ákveðins blandaðs hóps hlaupara (eða hóps kynsegin hlaupara) sem áhorfendurnir hafa verið að bíða eftir. Við getum líka hugsað okkur að við séum að horfa á kröfugöngu eða gleðigöngu og þá geta allir kostirnir í (28) komið til greina, allt eftir því hvernig gangan er samsett:

(28) Sko! **Allir/Allar/Öll** með regnbogafánann!

Við sjáum því að vísandi kyn kemur ekki bara fyrir í fornöfnum og sagnfyllingum heldur líka í ýmsum kynbeygjanlegum orðum sem hafa annars konar stöðu, svo sem sérstæðum lýsingarorðum, óákveðnum fornöfnum (eða kvönturum, e. *quantifiers*) og töluorðum.²²

3.1 Sjálfgefið málfræðilegt kyn og vísandi kyn

3.2.1 Verkaskipting kynjanna

Í þeim handbókum sem sagt var frá í 2. kafla var víða vakin athygli á því að í almennum staðhæfingum af ýmsu tagi og í fyrirmælum væri karlkyn jafnan notað sem sjálfgefið málfræðilegt kyn, þ.e. í kynhlutlausri merkingu. Dæmin má flokka eins og gert er í (29)–(30) (upphafsstafirnir vísa til höfunda bókanna sem dæmin eru tekin úr):

- (29) Karlkyn eintölu:
- Enginn** má yfirgefa húsið. (ER)
 - Enginn** má fara illa með dýr. (GKv)
 - Sástu **einhvern**? (HP)
 - Hvað **ungur** nemur **gamall** temur. (HP)
 - Sá** sem tók lyklna mína er beðinn að skila þeim strax. (HP)
- (30) Karlkyn fleirtölu:
- Hverjir** eru það sem halda því fram að misrétti ríki í heiminum? (KÁ)
 - Allir** vita að jörðin er hnöttótt. (KÁ)

²² Í viðbrögðum við færslum eða „statusum“ á fésbókinni er einkunnagjöfin *Góður!* eða *Góð!* líka af þessu tagi.

- c. **Allir** tapa á verðbólgunni. (ER)
- d. **Fatlaðir** fá örorkubætur. (HÐ)
- e. Í þessu húsi eru þjónustuíbúðir fyrir **aldraða**. (HÐ)

Allir höfundarnir benda á að í þessum dæmum og öðrum sambærilegum vísar karlkynið ekki til karla sérstaklega. Ef reynt er að setja kvenkyn í staðinn breytist túlkunin og kynið verður jafnan vísandi og á við konur sérstaklega, að svo miklu leyti sem það gengur yfirleitt að setja kvenkyn inn í dæmi af þessu tagi, eins og bent var á hér framar. Í flestum tilvikum hefur það svipuð áhrif að setja hvorugkyn fleirtölu í staðinn fyrir karlkynið — það virðist oft vísa í einhver tiltekin sem hafa verið til umræðu, a.m.k. í máli flestra, að svo miklu leyti sem það gengur yfirleitt upp.²³

- (31)a. **Hver** eru það sem halda því fram að misrétti ríki í heiminum?
 - b. **Öll** vita að jörðin er hnöttótt.
 - c. **Öll** tapa á verðbólgunni.
 - d. **Fötlud** fá örorkubætur.
 - e. Í þessu húsi eru íbúðir fyrir **öldruð**.
 - f. **Engin** mega yfirgefa húsið.
 - g. **Engin** mega fara illa með dýr.
 - h. Sástu **einhver**?

Almennt sýnist mér að öll þessi dæmi krefjist einhvers tiltekins samhengis og það er dálítið miserfitt að hugsa sér hvert það samhengi gæti verið. Kannski gæti þó merkingin í a-dæminu helst verið ‘hver af tilteknum hóp ...’ og í b-, c- og f-dæminu ‘öll sem voru nefnd ...’ eða ‘... sem voru til umræðu’ en það er erfiðara að hugsa sér við hvaða aðstæður (31g) gæti gengið. Síðan gæti d-dæmið gengið í samhengi eins og *Heilbrigð börn fá engan sérstakan stuðning en fötlud fá örorkubætur* og þá er nafnorðið *börn* undanskilið á eftir *fötlud* sem lagar sig þá að því (samræmiskyn). Það er líklega snúnara að finna viðunandi samhengi fyrir (31e) og (31h) hefur augljóslega aðra merkingu en (29c) *Sástu einhvern*? Síðan virðist alveg ótækt að setja hvorugkyn fleirtölu í staðinn fyrir karlkyn í málsháttum eins og (29d) (*Hvað ung nema gömul temja*) og merking dæma með ábendingarforfninu *sá* verður allt önnur ef hvorugkyn fleirtölu er sett í staðinn. Ef sagt er *Þau sem tóku lyklna mína ...* í staðinn fyrir (29e) *Sá sem tók lyklna mína ...* er gert ráð fyrir því að einhver blandaður hópur hafi tekið lyklna.

²³ Hvorugkyn eintölu gengur yfirleitt ekki þegar verið er að tala um fólk eins og þegar hefur komið fram.

Það ætti því að vera ljóst af þessu að hvorugkyn fleirtölu gengur ekki umsvifalaust í sjálfgefinni og kynhlutlausri merkingu eins og karlkyn eintölu og fleirtölu gerir. Ýmsir málfræðingar hafa bent á þetta og reynt að skýra það, m.a. Grönberg sem ber saman merkingu eftirfarandi dæma (2002:171):

- (32) a. **Allir** (kk.ft.) velkomnir.
 b. **Öll** (hk.ft.) velkomin.

Hér segir hún að karlkynið hafi almenna merkingu („is generic“). Það vísar sem sé ekki til neins hóps. Hvorugkynið vísar aftur á móti í tiltekinn hóp samkvæmt Grönberg („has an individualizing function“ eins og hún orðar það). Af þessum dæmum, og fleiri svipuðum, dregur hún svo eftirfarandi ályktun (sama stað):

There seems to be an unwritten “rule” of language use which is very productive among speakers of Icelandic: The neuter plural can only be used for personal and demonstrative pronouns when referring to a number of persons who are known (and preferably recently mentioned) in the context. When referring to a group of unspecified individuals or making a generic statement, the masculine plural is normally used.

Svipaða athugasemd má finna hjá Ágústu Þorbergsdóttur (2002:92) sem segir að dæmi á borð við (32b) vekir spurninguna *Öll hver?* hjá henni. Athugasemdir Grönberg og Ágústu passa ágætlega við þá greiningu sem hér hefur verið sett fram: Karlkyn fleirtölu er sjálfgefið málfræðilegt kyn í dæmum af þessu tagi, hvorugkyn fleirtölu er þar yfirleitt vísandi (eða felur í sér að eitthvert hvorugkynsorð sé undanskilið) — eða þannig hefur það verið í máli flestra. Við komum aðeins að þessu í eftirmála.

3.2.2 Persónufornöfn kalla á vísandi kyn

Eins og rifjað var upp hér frammar er vísun auðvitað mikilvægt einkenni á persónufornöfnum. Þetta sést m.a. vel í dæmum eins og þessum:

- (33) a. Erud þið allir búinir/allar búna/öll búin að lesa bókina?
 b. Heyrið þið allir/allar/öll í mér?
 c. **Við** erum allir/allar/öll búin að lesa bókina.
 d. **Við** erum bara þrír/þrjár/þrjú sem tökum þátt í þessu.

Í dæmum (33a,b) fer kynið á kynbeygjanlegu orðunum eftir því hvers konar hóp er verið að ávarpa. Það er verið að vísa í hann, kynið er vísandi

og fer þá eftir samsetningu hópans. Þess vegna er ekki hægt að nota karlkynið *allir* nema verið sé að ávarpa eintóma karla því að það er vísandi. Sama á við um (33c,d) nema hvað þar er mælandinn hluti af hópnum sem vísað er til og hefur áhrif á samsetningu hans. Þar er ekki hægt að nota karlkynið *allir* eða *þeir* nema mælandinn sé karl og sé að tala um hóp sem samanstandur af körlum eingöngu. Það eru greinilega persónufornöfnin *þið* og *við* sem hafa þessi áhrif. Þau vísa til ákveðins hóps og kalla því á vísandi kyn.²⁴ Dæmin í (34) sýna svo að sams konar áhrif koma fram ef beygingarmynd sagnarinnar felur í sér sömu merkingu þótt persónufornöfnin komi ekki fram:

- (34)a. Verið (2.p.ft.) allir velkomnir/allar velkomnar/öll velkomin!
 b. Verum (1p.ft.) allir tilbúnir/allar tilbúnar/öll tilbúin til að ...
 c. Velkomin!

Það er fróðlegt að bera þetta saman við dæmin í (35):

- (35)a. Eru **allir** búnir að lesa bókina?
 b. Heyra **allir** í mér?

Hér er í raun ekki verið að ávarpa tiltekinn hóp á sama hátt og í (33a,b). Við getum t.d. hugsað okkur rithöfund sem ætlar að fara að tala um bókina sína við einhvern hóp sem hann veit ekkert hvernig er samsettur. Þá er eðlilegt að hann spyrji eins og í (35a) til að leita upplýsinga, t.d. hjá þeim sem skipuleggur uppákomuna. Eins gæti væntanlegur fyrirlesari eða uppistandari spurt hljóðmann eins og sýnt er í (35b) við svipaðar aðstæður. Í báðum tilvikum væru viðkomandi þá að nota sjálfgefið málfræðilegt kyn, ekki vísandi kyn.²⁵

²⁴ Þegar ég var að ganga frá handritinu að þessari grein rakst ég á skemmtilegt dæmi um þessi áhrif fornafna. Þar sagði Ólöf Helga Adolfsdóttir þetta í viðtali um uppákomu á þingi ASÍ (leturbreytingar mínar – þetta var á *Vísí* 12. október 2022 á slóðinni <<https://www.visir.is/g/20222323292d/vonar-ad-thre-menningarnir-sjai-ad-hreyfingin-thurfi-a-ollum-ad-halda>>):

(i) Ef **einhverjir** vilja ekki vera með þá vilja **þeir** ekki vera með en ég vona að **við** getum öll verið með.

Hér notar Ólöf fyrst sjálfgefna málfræðilega karlkynið *einhverjir* í kynhlutlausri merkingu (hún er ekkert að kyngreina það fólk sem vill ekki vera með) en síðan heldur hún áfram og segir *við* og þá verður hún að nota hvorugkynið *öll* af því að þá er hún að vísa í blandaðan hóp sem hún er sjálf hluti af.

²⁵ Yfirlesari telur að stundum gætu einhverjir viðstaddir skilið setningar eins og (35a) sem ávarp og fundist hún óeðlileg ef áheyrendur eru ekki allir karlkyns. Slíkan vanda mætti forðast með því að segja í staðinn *Erud þið ...* og laga eftirfarandi kyn síðan eftir kynjasam-

Eftirfarandi dæmi varpa líka ljósi á muninn á sjálfgefnu málfræðilegu kyni og vísandi kyni. Hugsum okkur kennara sem stendur frammi fyrir nemendahópi. Hann hefur verið að útdeila blýöntum og einn blýantur gengur af. Þá getur kennarinn t.d. spurt eins og í a- eða b-dæminu en ekki eins og í c-dæminu (nema kannski ef nemendurnir væru allir kynsegin):

- (36) a. **Hvern** (kk.et.) vantar blýant?
 b. **Hverja** (kvk.et.) vantar blýant?
 c. ***Hvert** (hk.et.) vantar blýant?

a-dæmið væri auðvitað viðeigandi ef það væru eintómir strákar í bekknum, b-dæmið ef þar væru bara stúlkur. Ef hópurinn er blandaður virðist a-dæmið vera það eina af þessum sem kemur til greina og ástæðan er sú að karlkynið er sjálfgefið málfræðilegt kyn í þeim skilningi sem hér hefur verið lýst.²⁶

3.2.3 Ótiltekinn undanfari, almenn merking og sjálfgefið málfræðilegt kyn

Nafnháttarsetningar hafa stundum almenna merkingu eins og í þessum dæmum:²⁷

- (37) a. [Að lofa skattalækkun] er algengt kosningabragð.
 b. [Að borða of mikið] getur valdið offitu.

setningu viðkomandi hóps. Annar yfirlesari spyr þó hvort það sé nokkuð auðveldara að venja sig á að segja *Eruð þið öll ...* við slíkar aðstæður en að nota bara hvorugkynið sem sjálfgefið málfræðilegt kyn og segja *Eru öll ...* Já, það er auðveldara vegna þess að *Eruð þið öll ...* er ekki í ósamræmi við máltilfinningu neinna en *Eru öll ...* er ekki í samræmi við algengustu málnotkun né máltilfinningu fjölda manns ef hvorugkyninu er þar ætlað að vera sjálfgefið málfræðilegt kyn. Við komum aðeins að þessum atriðum í eftirmála greinarinnar.

²⁶ Fylgi hlutaeignarfall eða forsetningarliður með fornafni annarrar persónu með verður útkoman önnur:

- (i) Hvern/Hverja/Hvert ykkar/af ykkur vantar blýant?

Hér er karlkynið *hvern* aðeins viðeigandi ef eintómir strákar eru í bekknum, kvenkynið *hverja* ef aðeins er um stúlkur að ræða en hvorugkynið ef hópurinn er blandaður eða inniheldur eingöngu kynsegin nemendur. Ástæðan er sú að með því að nota hlutaeignarfallið *hvert ykkar* eða forsetningarliðinn *af ykkur* með fornafni annarrar persónu (*ykkar, ykkur*) er verið að ávarpa afmarkaðan hóp en ekki spyrja almennt. Persónufornafnið kallar á vísandi kyn eins og áður.

²⁷ Lesendur taka kannski eftir því að sum af eftirfarandi dæmum eru mjög svipuð og dæmi sem voru tekin í kafla 2.2. Hér er hins vegar verið að skoða önnur atriði en þar voru til umræðu eins og fitletrun á tilteknum orðum í dæmunum sýnir yfirleitt.

Þessu er stundum lýst með því að segja að hið ósagða frumlag nafnháttarins sé ótiltekið fornafn (sbr. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2005:416 o.áfr.). En ef frumlagið í dæmum af þessu tagi er ótiltekið mætti búast við því að sagnfylling tengd því kæmi fram í sjálfgefnu málfræðilegu kyni, þ.e. karlkyni, og sú er einmitt raunin (sbr. umræðu hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 2015:21 o.v.):

(38) [Að vera **ríkur**] er talið eftirsóknarvert.

Í þessu formi getur dæmið haft almenna merkingu en ef kyni sagnfyllingarinnar er breytt gengur það ekki lengur. Þannig er eðlilegast að túlka (39) sem svo að það eigi aðeins við konur (þótt rík gæti líka verið hk.ft.):

(39) [Að vera **rík**] er talið eftirsóknarvert.

Ef vísað er í ákveðin tilvik getur mælandinn hins vegar hagað kyni sagnfyllingarinnar eftir því hvernig hið ósagða frumlag er hugsað, en þá er ekki lengur um sjálfgefið málfræðilegt kyn að ræða heldur vísandi (sjá Halldór Ármann Sigurðsson 2015:21):

(40) Þá var gott [að vera **ríkur/rík**].²⁸

Dæmin í (41) varpa líka ljósi á þetta. Fyrri dæmið er frá Finni Ágústi Ingimundarsyni (2022:19, leturbreytingar mínar), það síðara er til samanburðar:

- (41) a. Það **er** bara mjög erfitt [að vera **einn** og **óléttur**].
 b. Það **var** bara mjög erfitt [að vera **ein** og **ólétt**].

Dæmi Finns er úr viðtali við íslenska söngkonu. Hún er þarna ekki bara að tala um eigin reynslu heldur setja fram almenna staðhæfingu. Þá notar hún karlkynsmyndirnar *einn* og *óléttur* af því að karlkynið er sjálfgefið málfræðilegt kyn. Ef hún hefði hins vegar verið að segja frá sinni eigin reynslu eingöngu hefði hún kannski orðað það eins og sýnt er b-dæminu og notað kvenkynsmyndirnar *ein* og *ólétt* og þá hefði verið um vísandi kyn að ræða, hún hefði verið að vísa til sjálfrar sín. Og þá hefði hún trúlega líka notað þátíðina af sögninni og sagt *var* eins og sýnt er en ekki *er* eins og í a-dæminu. Þetta er mikilvægur merkingarmunur sem kemur fram á eðlilegan hátt í íslensku vegna þess hve íslenska kynjakerfið er ríkulegt, ef svo má segja.

²⁸ Halldór stjörnumerkir hvorugkynið *ríkt* í samsvarandi dæmi, en það ætti að geta gengið ef mælandinn vill vísa til sín með hvorugkyni.

3.2.4 Fjöldi eða tiltekinn hópur?

Guðrún Þórhallsdóttir hefur lengi rannsakað ýmiss konar blæbrigði og tilbrigði í notkun kyns í íslensku máli, enda hefur alloft verið vitnað til skrifa hennar hér fram. Hún hefur líklega verið fyrst til að benda á muninn á „hlutlausri tilgreiningu fjölda [...] og tilgreiningu fjölda í hópi þar sem kynjasamsetning er þekkt og „skiptir máli““ (Guðrún í tölvu-skeyti). Hún tekur eftirfarandi setningu sem dæmi um það fyrra:

(42) Ég ætla að panta borð fyrir **fjóra**.

Í þessu dæmi er bara verið að gefa upp tölu þeirra sem þurfa að fá borð og þá er eðlilegt að nota sjálfgefna málfræðilega kynið, þ.e. karlkynsmyndina *fjóra*.

Guðrún nefnir líka dæmi á borð við (43), en það er hugsað sem fyrir-sögn fréttar í fjölmiðli (sjá líka umræðu um svipuð dæmi hjá Höskuldi Þráinssyni 2021b, 2022a,b):

(43) **Þrjár/Þrjú/Þrír** sóttu um starf skólastjóra.

Ef fréttin fjallar síðan nánar um umsækjendur og segir frá því hverjir þeir eru væri eðlilegt að nota kvenkynið *þrjár* ef umsækjendur hefðu allir verið konur, hvorugkynið *þrjú* ef hópurinn hefði verið blandaður (eða allir umsækjendur kynsegin) og karlkynið *þrír* ef umsækjendur hefðu allir verið karlar. En ef einungis væri verið að segja frá fjölda umsækjenda, t.d. vegna þess að ekki væri búið að gefa upp hverjir sóttu, er eðlilegt að nota sjálfgefna málfræðilega kynið, þ.e. karlkynið. Þá er bara um einfalda talningu að ræða. Eftirfarandi frétt er athyglisverð í þessu sambandi (*Skessuborn* 23. maí 2017, sjá umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2022b):

(44) **Þrír sóttu um starf skólastjóra**

Þrjár umsóknir bárust um starf skólastjóra Reykhólaskóla sem auglýst var laust til umsóknar fyrr í vor. Umsækjendur eru Valgeir Jens Guðmundsson kennari og Jón Einar Haraldsson kennari. Einn umsækjandi vill ekki láta nafns síns getið að svo stöddu ...

Í fréttinni kemur fram að tveir karlar hafi sótt um starfið og síðan hafi einn umsækjandi ekki viljað láta nafns síns getið. Þá virðist ekki um annað að ræða en nota sjálfgefna málfræðilega kynið, þ.e. karlkynið *þrír*, í fyrir-sögninni. Kvenkynið *þrjár* kemur augljóslega ekki til greina og með hvorugkyninu *þrjú* væri gefið í skyn að nafnlausí umsækjandinn væri annars kyns en hinir tveir. En um það er ekkert vitað og ef síðan kæmi í ljós að

svo væri ekki myndu flestir væntanlega telja að fyrirsögnin *Þrjú sóttu ...* hefði einfaldlega verið röng.

Katrín Axelsdóttir (2018) bendir á svipaðar aðstæður þegar verið er að þýða erlendar fréttir og nauðsynlegt er að velja kyn þótt það komi ekki fram í erlendu fréttinni. Katrín nefnir tvö dæmi úr fréttafyrirsögnum af *RÚV.is*:

- (45) a. **Fjögur** dóu í skotárás í Kaliforníu.
 b. **38 tekin** af lífi í Írak.

Síðan segir hún m.a. eftirfarandi um þessar fyrirsagnir:

Ef erlendir fréttamiðlar frá umræddum tíma eru skoðaðir er ekkert sem bendir til þess að í a) og b) hafi verið um að ræða hópa fólks af báðum kynjum. Þeir sem sömdu fyrirsagnirnar í a) og b) virðast því hafa ákveðið að nota hvorugkyn um það sem var óþekkt eða ótilgreint og í því felast nýmælin [...] Fyrirsögninni í a), *Fjögur dóu ...*, var síðar breytt í *Fjórir dóu ...* Reyndust öll fórnarlömbin vera karlar? Eða komst einhver andsnúinn nýmælunum í tölvuna og breytti þessu?

Samkvæmt þessu er ekki hægt að setja hvorugkyn í stað karlkyns í fréttum af þessu tagi án þess að það hafi áhrif á merkingu þeirra.

Í framhaldi af þessu er fróðlegt að skoða eftirfarandi dæmi:²⁹

- (46) a. Prófið í almennu lögfræðinni var mjög strangt í ár og það var bara **21** sem náði því.
 b. **31** lauk prófi úr hjúkrunarfræði í vor.
 c. Einungis **4** komast að í leghálsskimun á dag.

Hér myndu flestir væntanlega lesa *21* í a-dæminu sem *tuttuguogéinn* og líta svo á að í því fælist ekki nein fullyrðing um að eingöngu karlar hefðu náð prófinu heldur væri eingöngu verið að greina frá fjölda. Fáum dytti líklega í hug að segja *tuttuguogéin* nema þá að í framhaldinu væri sagt að eingöngu hefði verið um konur að ræða. Hvorugkynið *tuttuguogéitt* kemur síst til greina.³⁰ En vegna þess að konur hafa löngum verið í miklum meirihluta meðal nemenda í hjúkrunarfræði gæti lesandinn gert ráð fyrir því að svo hefði verið um þann tiltekna hóp sem er til umræðu í b-dæm-

²⁹ Kveikjan að b-dæminu voru dæmi hjá Guðrínu Þórhallsdóttur (2009) en c-dæmið er frá yfirlsara.

³⁰ Hvorugkynið væri þó líklega hugsanlegt ef síðan væri sagt að eingöngu hefði verið um kynsegin fólk að ræða.

inu og vísað til hans með kvenkynsmyndinni *Þrjátíuogein* í staðinn fyrir að nota hið sjálfgefna málfræðilega karlkyn *Þrjátíuogeyinn*. Guðrún Þórhallsdóttir notar orðalagið *félagslegt kyn* um þetta (e. *social gender*) og má líta á það sem tiltekið afbrigði vísandi kyns: Það eru félagslegar aðstæður sem ráða því að við teljum okkur geta notað vísandi kyn í stað hins sjálfgefna málfræðilega kyns. Loks á c-dæmið væntanlega bara við konur og þá er freistandi að vísa til þeirra með því að nota kvenkynið *fjórar* frekar en hið sjálfgefna málfræðilega karlkyn.

3.2.5 Samræmiskyn og vísandi kyn með tengdum liðum

Eins og Jón G. Friðjónsson (1990–1991) vakti fyrstur manna athygli á hafa ýmsir þættir áhrif á samræmi við samsett frumlag (þ.e. samtengda liði í frumlagssæti). Hann skoðaði bæði samræmi persónubeygðu sagnarinnar og samræmi sagnfyllingar þegar því var að skipta og komst að því að þættir eins og hlutstætt/óhlutstætt og teljanlegt/óteljanlegt skipta máli. Niðurstaða hans er m.a. sú að þegar um er að ræða hlutstæð nafnorð og teljanleg (*bók, bíll, flugvél*) í frumlagssæti er samræmi skyldubundið, bæði að því er varðar persónubeygða sögn og sagnfyllingu, en þegar um er að ræða nafnorð sem tákna eitthvað hlutstætt en óteljanlegt (*kaffi, snjór, rjómi*) kemur samræmi ekki fram á sama hátt. Þorbjörg Þorvaldsdóttir hefur rannsakað samræmi við tengda liði nánar (2017, 2019) og tengir sína rannsókn m.a. við samræmisstígveldi Corbetts (1979, 2006) eins og áður var nefnt. En hún telur eftirfarandi stígveldi líka hafa áhrif á samræmi (2019:6):

(47) fólk > dýr > teljanlegir hlutir > óteljanleg hugtök

Þetta stígveldi kallar hún *individuation hierarchy* og það liggur kannski ekki alveg í augum uppi hvað ætti að kalla það á íslensku.

Ein meginreglan í samræmi við tengda liði í íslensku er sú að samræmi við liði með blönduðu kyni er sýnt með hvorugkyni fleirtölu. Þetta sést í dæmum eins og þessu:

(48) Skáld og hetjur eru **vinsæl** í fornum sögum.

Í þessu dæmi er verið að tala um skáld og hetjur almennt og ekki verið að vísa í tilteknar persónur. Þar virðist ekkert því til fyrirstöðu að nota samræmiskyn á sagnfyllingunni — þ.e. láta hana standa í hvorugkyni fleirtölu af því að um er að ræða „blandaðan hóp“ (hvorugkyn og kvenkyn) í frum-

lagssæti. Þessu er hins vegar ekki þannig farið í eftirfarandi dæmum sem eru meðal þeirra sem Þorbjörg ræðir (t.d. 2019:6):³¹

- (49)a. Skeggjaða skáldið og Jón eru **ánægðir**/*ánægð.
 b. Ófríska skáldið og Jóna eru **ánægðar**/*ánægð.

Hér er greinilega verið að ræða um tiltekna persónur. Lýsingarorðin *skeggjaður* og *ófrískur* gefa vísbendingu um kyn skáldsins í hvoru tilviki fyrir sig og nöfnin *Jón* og *Jóna* benda líka á kyn viðkomandi persóna. Þá verður vísaði kyn ofan á, eins og Þorbjörg bendir á (hún talar reyndar um ‘merkingarlegt kyn’ en ekki ‘vísandi’), þ.e. karlkyn í fyrra dæminu og kvenkyn í því síðara, og samræmiskyn (þ.e. formlegt samræmi við hk.+kk. og hk.+kvk.) vikur fyrir því.

3.2.6 Talað við börn og barnamál

Þótt íslenska kynjakerfið sé nokkuð flókið, eins og hér hefur komið fram, virðast börn ná tiltölulega fljótt býsna góðum tókum á ýmsum þáttum þess. Síðastliðinn vetur átti ég t.d. eftirfarandi orðaskipti við þriggja ára stráak sem hefur búið heima hjá mér undanfarið:

- (50) Ég: Á ég að borða þennan ís?
 Hann: Nei, **allir**.

Hér notaði hann sjálfgefið karlkyn þótt heimilisfólkið (sem átti að borða ísinn) væri blandaður hópur. Einar Freyr Sigurðsson og Hlíf Árnadóttir voru með allmörg dæmi af svipuðu tagi frá eigin börnum í nýlegum fyrirlestri (2022). Um samskipti þeirra við börnin sín segir Einar líka í tölvuþósti: „Ég hef tekið eftir því að ég nota mjög mikið karlkyn í almennri merkingu þegar ég tala við tvíburastelpurnar mínar.“ Síðan kemur hann með dæmi sem má setja upp á þessa leið:

- (51)a. Á ég að halda á **einhverjum** inn í eldhús?
 b. Hver er **fyrstur** í dag?
 c. Hvor er **fyrst** í dag?

³¹ Þorbjörg (2019:6) segir setningarnar sniðnar eftir dæmum hjá Wechsler (2009). Hún byggir niðurstöður sínar að mestu leyti á netkönnun sem náði til 405 þátttakenda sem áttu að fylla í eyður á spurningablaði eins og lýst er ítarlega í meistaraprófsritgerð hennar (2017:26 o.áfr.).

Eins og Einar bendir sjálfur á hefur karlkynið í tveim fyrstu dæmunum almenna merkingu. Hér merkir a-dæmið þá sama og ‘Vill einhver að ég haldi á sér inn í eldhús?’ Á sama hátt hefur b-dæmið almennu merkinguna ‘Hver er það sem er (eða vill vera) fyrstur í dag?’ Í þessum tveim dæmum er þá um að ræða sjálfgefna málfræðilega kynið, þ.e. karlkyn (*einhverjum, fyrstur*). En um leið og „tvítalan“ *hvor* er notuð, eins og í c-dæminu, er faðirinn beinlínis að spyrja dæturnar tvær um það hvor þeirra vilji vera fyrst og þá verður sagnfyllingin *fyrst* í viðeigandi vísandi kyni, þ.e. kvenkyni. Karlkynið verður ótækt í því samhengi sem hér um ræðir en væri auðvitað í lagi ef tvíburarnir væru strákar. Hér er tilfinning fyrir því að *hvor* merki ekki sama og *hver* auðvitað skilyrði fyrir því að málnotandinn skynji þennan mun.

3.3 Dregið saman

Í þessum kafla hafa verið færð rök að því að hægt sé að varpa ljósi á ýmis áhugverð blæbrigði sem tengjast kyni í íslensku með því að styðjast við hugtökin **samræmiskyn**, **vísandi kyn** og **sjálfgefið málfræðilegt kyn**. Ýmislegt hefur þó orðið útundan í umræðunni, til dæmis fréttamálið „tvennt/þrennt/fernt slasaðist“. Samkvæmt *Tímarit.is* fór að bera á þessu orðalagi rétt fyrir 1960. Lausleg athugun á fréttunum bendir til þess að þetta sé helst notað þegar vítað er að hin slösuðu voru ekki sama kyns. Google finnur líka þessa athyglisverðu frétt af *RÚV.is* (25. október 2019, sjá <<https://www.ruv.is/frettir/innlent/tvennt-slasadist-alvarlega-i-eldi-i-mavahlid>>; leturbreytingar mínar):

- (52) **Tvennt** slasaðist mjög alvarlega í eldsvoða í kjallaraíbúð [...] í Reykjavík aðfaranótt miðvikudags. **Þrír** voru í íbúðinni þegar eldurinn kviknaði, tveir karlar og ein kona [...] **Einn** komst af sjálfsdáðum út úr brennandi húsinu ...

Hér er sjálfgefna karlkynið *þrír* notað þegar sagt er frá fjölda þeirra sem lentu í eldsvoðanum, þótt hópurinn hafi verið blandaður, en aftur á móti *tvennt* um þau tvö sem slösuðust. Það væri fróðlegt að skoða þessa málnotkun nánar.

Eins og í fyrri köflum hefur megináherslan í þessum kafla verið á „verkaskiptingu kynjanna“ þegar um er að ræða fólk og þar gegnir karlkynið hlutverki sjálfgefins málfræðilegs kyns. Að einhverju leyti gilda aðrar reglur þegar rætt er um dauða hluti eða hugtök því að þar er hvorugkyn sjálfgefið. Það kemur m.a. fram í eftirfarandi dæmum. Hugsum okkur

að við sitjum inni í stofu og heyrum einhvern hávaða úr forstofunni. Einhver fer að gá hverju hávaðinn sæti og þegar hann kemur aftur getum við t.d. spurt:

- (53)a. **Hver** var þetta?
b. **Hvað** var þetta?

Ef við gerum ráð fyrir að einhver manneskja hafi valdið hávaðanum er eðlilegt að spyrja með karlkynsfornafninu *hver* eins og í a-dæminu og þá erum við ekki að gefa neitt í skyn um kynferði viðkomandi. (Þótt kvenkyn fornafnsins sé samhljóða því í nefnifalli myndum við ekki túlka fornafnið sem kvenkyn án samhengis.) Ef við erum hins vegar bara að spyrja almennt um það hvað hafi gengið á notum við hvorugkynsformið *hvað* eins og í b-dæminu.

En lítum nú stuttlega á kyn í færeysku, bæði til að setja umræðuna hér framfar í svólítið samanburðarsamhengi og líka til að undirbúa okkur fyrir síðasta kaflann.

4. Samræmiskyn, vísandi kyn og sjálfgefið málfræðilegt kyn í færeysku

Í færeysku er gerður greinarmunur á þrem kynjum rétt eins og í íslensku.³² Hliðstæð orð sem kynbeygjast sýna skyldubundið samræmi við nafnorðið sem þau standa með og sagnfyllingar sýna líka yfirleitt samræmi við frumlag eins og í íslensku. Persónufornöfn geta hins vegar staðið í vísandi kyni eins og í þessu dæmi (Hjalmar P. Petersen 2020:308 og 309):

- (54) Prestur (kk.et.) var ekki í kirkju í dag. **Hon** (kvk.et.) var **sjúk** (kvk.et.).

Hér er notað kvenkynsfornafnið *hon* þótt nafnorðið *prestur* sé karlkyns. Ástæðan er sú að verið er að vísa til ákveðins kvenprests.³³ Lýsingarorðs-sagnfyllingin *sjúk* sýnir þá samræmi við *hon* og stendur í kvenkyni.

³² Ég hef líka borið sænska kynjakerfið saman við það íslenska (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2022b), einkum til að skoða hlutverk hins nýja fornafns *hen* í sænsku sem er að nokkru leyti fyrirmynd nýja íslenska fornafnsins *hán*. Þeim samanburði er sleppt hér því að *hán* er ekki til umræðu í þessari grein.

³³ Hjalmar notar færeyska orðið *tílvísingarkyn* um þetta, þ.e. 'vísandi kyn' eins og hér er gert.

Í bók um færeyska málfræði (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2012) er hins vegar bent á nokkur atriði á kynjasviðinu þar sem færeyska hefur annan hátt á en íslenska. Guðrún Þórhallsdóttir hefur borið þetta saman á skipulegri hátt og tekur m.a. þessi dæmi (2015b:164, sum frá Höskuldi o.fl. 2012):

- (55)a. **Summi** (hk.ft.) siga, at ... (færeyska)
 b. **Sumir** (kk.ft.) segja að ... (íslenska)
 c. **Tey brekaðu** (hk.ft.) hava ikki nógvar pengar. (færeyska)
 d. **Fatlaðir** (kk.ft.) eiga ekki mikla peninga. (íslenska)

Færeyska hefur þannig breyst að þessu leyti því að væntanlega er notkun hvorugkynsins nýjung þar. Hjalmur P. Petersen (2009:128) segir líka að í gagnasafni úr færeyska blaðinu *Sosialurin* frá því í október 2000 hafi hann fundið 18 dæmi um hvorugkynsmyndina *summi* í almennri merkingu (sbr. (55a)) en aðeins eitt um að karlkynsmyndin *summir* væri notuð þannig.

Samsvarandi munur á íslensku og færeysku kemur líka í ljós þegar eftirfarandi setning úr færeysku er skoðuð:

- (56) **Tey** (hk.ft.) **gomlu** (hk.ft.) doygja í og av einsemi.

Hér merkir *tey gomlu* bara ‘gamlir almennt, gamalt fólk’ þannig að setningin merkir ‘Gamalt fólk deyr í og af einmanaleika.’ Orðrétt þýðing væri hins vegar *Þau gömlu deyja í og af einmanaleika*, en þar yrði orðalagið *þau gömlu* að vísa í eitthvert tiltekið gamalt fólk sem hefði verið til umræðu. Þannig er það ekki í færeysku af því að hvorugkyn getur haft almenna merkingu í því máli, verið sjálfgefið málfræðilegt kyn.

Í færeysku málfræðibókinni (Höskuldur o.fl. 2012:114) bentum við líka á að þegar talið er á færeysku án þess að vera að telja nokkuð sérstakt (t.d. þegar talið er upp að tíu í leikjum) er notað hvorugkyn í færeysku en karlkyn í íslensku (það eru aðeins tölurnar 1–3 og samsetningar með þeim sem beygjast í færeysku). Sama á við þegar talning upp í þrjá er notuð til að láta í ljós að eitthvað gerist (eða gerist ekki) skyndilega:

- (57)a. eitt, tvey, trý ... (fær., hvorugkynsmyndir)
 b. einn, tveir, þrír ... (ísl., karlkynsmyndir)
 c. Dugir tú at telja upp í **trý** (hk.) á øllum norðurlandamálum? (fær.)
 d. Kannt þú að telja upp í **þrjá** (kk.) á öllum norðurlandamálum? (ísl.)
 e. Og **eitt tvey trý** kom terrassa frammanfyri húsini (fær., hvorugkynsmyndir)
 og eitt tvö þrjú kom pallur framan við húsíð
 ‘Og það kom pallur framan við húsíð svona einn, tveir og þrír’

f. ... geti átt sér stað **einn, tveir og þrír** (ísl., karlkynsmyndir)

Dæmi (57c) og (57e) eru tekin af Netinu en dæmi (57f) er úr viðtali við Anton Karl Ingason á *mbl.is* um kynhlutlaust mál (sjá Finn Ágúst Ingimundarson 2022:17). Af þessu öllu má draga þá ályktun að karlkyn hafi ekki sömu stöðu sem sjálfgefið málfræðilegt kyn í færeysku og íslensku. Færeyska kynjakerfið hafi breyst — eða sé að breytast — að þessu leyti. Sú breyting er þó ekki ný, sbr. eftirfarandi dæmi frá 19. öld:

(58)a. **Summi** (hk.ft.) søgdu, at hann varð sjúkur ...

(*Sagnir og ævintýr 1*, bls. 21)

b. **øll** (hk.ft.) eru **deyð** (hk.ft.) frá honum ...

(*Sagnir og ævintýr 1*, bls. 63)

‘allir eru látnir frá honum [þ.e. heima hjá honum]’

c. har situr **eitt gamalt** (hk.et.) við eldin ... (*Sagnir og ævintýr 1*, bls. 67)

‘þar situr gamlingi við eldinn’

Hér er alls staðar notað hvorugkyn í almennri merkingu, m.a.s. hvorugkyn eintölu.

Það sem nú hefur verið rakið um verkaskiptingu kynjanna í færeysku passar líka við þá staðreynd að á færeysku eru mannfagnaðir gjarna auglýstir eins og sýnt er í (59) (sjá líka Guðrúnu Þórhallsdóttur 2015b:169):

(59) **Øll** (hk.ft.) eru **vælkomin** (hk.ft.).

Hér hefur hvorugkynið ekki þá vísandi merkingu (eða *individualizing* eins og Grönberg kallaði hana, sbr. umræðu um dæmin í (32)) sem það myndi hafa í íslensku. Á sama hátt er eðlilegt að segja (60a) á færeysku í sömu merkingu og (60b) á íslensku (Hjalmar P. Petersen 2009:126):

(60)a. Eru **øll komin** (hk.ft.)?

b. Eru **allir komnir** (kk.ft.)?

Þessi dæmi sýna að samanburður við nágrannamálin getur varpað ljósi á tiltekin atriði í íslensku máli, en þá er nauðsynlegt að skoða erlendu dæmin vel með hliðsjón af málfræðilegum sérkennum viðkomandi máls.

5. Dregið saman

Markmið þessarar greinar var annars vegar að gefa yfirlit yfir íslenska kynjakerfið og hins vegar að skýra „verkaskiptingu kynjanna“ og ýmis blæbrigði tengd henni. Til að skýra þátt karlkyns, kvenkyns og hvorug-

kyns í þessari verkaskiptingu gegna hugtökin **samræmiskyn**, **vísandi kyn** og **sjálfgefið málfræðilegt kyn** lykhilllutverki. Tvö þau síðarnefndu hafa verið notuð í umræðu um kyn í íslensku og ýmsum málum, eins og bent er á í greininni, en hugtakið samræmiskyn er yfirleitt ekki skilgreint eins og hér er gert.

Í inngangi var sagt að í greininni yrði reynt að svara eftirtöldum spurningum:

- Hvað er átt við með samræmiskyni, vísandikyni og sjálfgefnu málfræðilegu kyni?
- Hvenær fáum við samræmiskyn á kynbeygjanlegum orðum, hvenær víсандikyn og hvenær sjálfgefið málfræðilegt kyn?

Það má segja sem svo að greinin í heild feli í sér nokkuð löng og flókin svör við þessum spurningum. Í stystu máli má orða þau á þessa leið:

- (61)a. Með *samræmiskyni* er átt við það þegar kynbeygjanlegt orð lagar sig að tilteknu **orði** í textanum eða talinu. Þetta gerist alltaf þegar um er að ræða kynbeygjanlegt hliðstætt ákvæðisorð sem stendur með nafnorði (sjá dæmin í (2a) og (8)). Þetta er líka meginreglan þegar sagnfyllingar eiga við frumlag í nefnifalli og persónufornöfn birtast líka oft í samræmiskyni (sjá dæmin í (2b) og umræðu í framhaldi af þeim).
- b. Með *vísandi kyni* er átt við það þegar kyn kynbeygjanlegs orðs ræðst af kyni einhvers sem átt er við eða vísað til utan textans (talsins). Þannig kemur fyrir að sagnfylling lagar sig ekki að viðkomandi nefnifallsfrumlagi í kyni heldur ræðst kyn hennar af einhverju tilteknu utan textans sem mælandinn hefur í huga (sjá dæmin í (4)). Þetta er þó algengara þegar persónufornöfn eiga í hlut (sjá dæmin í (5) og (6)). Aðstæður geta líka kallað á víсандikyn, bæði persónufornafna og annarra kynbeygjanlegra orða (sjá dæmin í (26)–(28)).
- c. Með *sjálfgefnu málfræðilegu kyni* er átt við það þegar tiltekið málfræðilegt kyn er notað án þess að um málfræðilegt samræmi sé að ræða eða tiltekna vísun. Þegar fólk á í hlut er karlkyn jafnan notað á þennan hátt og felur ekki í sér vísun í tiltekið kyn eins og víða er rætt hér frammar (sjá m.a. dæmin í (12)). Í þeim skilningi er karlkynið þá „kynhlutlaust“.

6. Eftirmáli um tilraunir til málstýringar

Eins og vikið var að í inngangi hefur verið vaxandi umræða um kyn í íslensku máli undanfarin ár eða áratugi. Hugmyndir sem settar voru fram í nafni Kvinnakirkjunnar í ritinu *Vinkonur og vinir Jesú* (1999), og voru að nokkru leyti á dagskrá í vinnu við nýja biblíuþýðingu, urðu til þess að sumir málfræðingar fóru að skoða nánar hvaða reglur giltu um fyrirbærið kyn í íslensku máli, svo sem Ágústa Þorbergsdóttir (2002) og Guðrún Þórhallsdóttir (2005, 2008). Segja má að sumar af hugmyndum Kvinnakirkjunnar hafi gengið í endurnýjun lífdaganna á síðustu árum í nafni femínískrar málstýringar og í umræðu um það hvað „kynhlutlaust mál“ sé eða geti verið. Þessi umræða hefur líka orðið til þess að íslenskir málfræðingar hafa farið að gefa fyrirbærinu kyn meiri gaum. Hér er ekki rúm til að gefa yfirlit yfir þessa umræðu. Í staðinn verða tekin tvö dæmi um tilraunir til málstýringar sem eiga það sameiginlegt að horfa framhjá máltilfinningu fólks og eðli þess málkerfis sem hún byggir á.

6.1 Samræmiskyn og vísandi kyn

Árið 1996 deildu þeir Hallberg Hallmundsson og Þórarinn Eldjárn í *Morgunblaðinu* um fyrirbærið kyn í málnotkun. Hallberg var mikilvirkur þýðandi, ritstjóri og skáld og áhugamaður um vandað íslenskt mál. Hann skrifaði grein í *Morgunblaðið* þar sem hann fann að fornafnanotkun í nokkrum ritum og tók m.a. eftirfarandi dæmi (1996:46, leturbreytingar Hallbergs en nákvæmum tilvísunum hans í bækur skáldanna sleppt):

- (62)a. *Sjálfur* var skáldið eins og jurtt ... (frá Þórarni Eldjárn)
 b. Ég er foreldrum mínum þakklátur fyrir uppeldið og þær ákvarðanir sem þau hafa tekið um líf mitt. (frá Kristleifi Björnssyni)

Hallberg taldi augljóst að í fyrra dæminu hefði átt að nota hvorugkynsmyndina *sjálf* af því að nafnorðið *skáld* er hvorugkyns og í því síðara hefði átt að nota karlkyn af persónufornafninu og segja *þeir* af því að nafnorðið *foreldrar* er karlkyns. Hann lét m.a. að því liggja að ekki hefði nú Halldór Laxness skrifað svona. Þórarinn Eldjárn (1996) andmælti þessu í svargrein. Þar taldi hann iðulega við hæfi að nota „eðliskyn“ í staðinn fyrir málfræðilegt kyn og benti m.a. á að þannig hefði Halldór Laxness einmitt farið að í skrifum sínum í Heimsljósi um skáldið Ólaf Ljósvíking eins og í þessu dæmi (hér tekið eftir Þórarni en leturbreytingar mínar): *Skáldið var að vísu hvorki viðskotailur né stirfinn, aðeins fámáll og lánbreyttur.*

Þórarinn endaði svo greinina á dálítið Þórarinslegri vísu og þar með lauk ritdeilunni.

Lesendur sjá nú auðvitað strax að þessi deila hefur snúist um það hvort vísandi kyn mætti í einhverjum tilvikum koma í staðinn fyrir samræmiskyn (sjá umræðuna í kafla 3.1 hér frammar). Hallberg taldi greinilega að svo væri ekki og honum var nokkur vorkunn. Það hefur nefnilega stundum verið amast við vísandi kyni í málfarsleiðbeiningum og samræmiskyni haldið fram á kostnað þess eins og ýmsir kannast áreiðanlega við. Til dæmis skrifaði Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (1996) pistil um efnið í blaðið *Dag* á Akureyri og tengir hann við ritdeilu Hallbergs og Þórarins. Þar segist hann hafa verið nýbúinn að lesa skýrslur eftir nemendur sína við Háskólann á Akureyri þegar hann las ritdeiluna. Í þeirri yfirferð hafði hann leiðrétt „samviskusamlega úr eðliskyni yfir í málfræðikyn“, segir hann. En eftir að hafa lesið grein Þórarins í ritdeilunni virðast hins vegar hafa runnið tvær grímur á Ingólf. Anna Helgadóttir (2011:15) tilfærir líka dæmi úr íslenskukennslubók fyrir erlenda nemendur þar sem mælt er með samræmiskyni umfram vísandi kyn. Hún gerði líka könnun á því hvort grunnskólanemar notuðu samræmiskyn eða vísandi kyn („merkingarlegt kyn“) í ákveðnum dæmum og þar kom m.a. fram að þegar þátttakendum í könnuninni voru gefnar ítarlegar leiðbeiningar voru þeir líklegri til að velja samræmiskynið heldur en þegar leiðbeiningarnar voru einfaldari (2011:90). Hún túlkaði þetta sem svo að ítarlegu leiðbeiningarnar hefðu minnt þátttakendur á próf og þess vegna hefðu þeir þá verið líklegri til að nota samræmiskynið af því að með því er oft mælt í kennslu. Guðrún Þórhallsdóttir (2015a:274 og 275) hefur líka bent á að samkvæmt „málstaðlinum“ sé „þumalfingursreglan“ sú að láta samræmiskynið ráða.³⁴ Þessi þumalfingursregla styðst við þá staðreynd að samræmiskynið gengur yfirleitt alltaf og notkun vísandi kyns er oft nokkurs konar undantekning frá þeirri meginreglu (sjá umræðu í köflum 3.1.1 og 3.1.2 hér frammar). Hins vegar má telja misráðið að reyna að búa til einfalda þumalfingursreglu í nafni málstöðlunar eða málstýringar um þetta efni, a.m.k. fyrir þá málnotendur sem hafa íslensku að móðurmáli. Það er trúlega vænlegra til árangurs að útskýra í hverju munurinn er fólgin, skýra eðli máltilfinningar og grundvöll hennar og benda á mikilvægi þess að efla hana og treysta henni.

³⁴ Guðrún orðar þetta svona: „The national language standard of Modern Icelandic has prescribed grammatical gender agreement, as a general rule of thumb“ (bls. 274) og að „a preference for formal agreement [...] has been prominent among language consultants and teachers“ (bls. 275).

6.2 Sjálfgefið málfræðilegt kyn og vísandi kyn

Í lok kafla 3.2.1 var því lofað að koma aftur að meintum merkingarmun þeirra dæma sem eru endurtekin hér:

(32)a. **Allir** (kk.ft.) velkomnir.

b. **Öll** (hk.ft.) velkomin.

Þegar þessi dæmi voru til umræðu var því haldið fram að karlkynið í *allir* (32a) hefði almenna kynhlutlausu merkingu af því að málfræðilegt karlkyn væri sjálfgefið í íslensku þegar verið er að tala um fólk. Hins vegar hefði verið bent á það að hvorugkynið *öll* í (32b) hefði yfirleitt ekki þessa almennu kynhlutlausu merkingu heldur væri vísandi, ætti við tiltekinn hóp.

Nú er það reyndar svo að þau málfræðiskrif sem vísað var til varðandi mat á dæmi (32b) hér frammar eru um það bil 20 ára gömul. Í ljósi þess gerði yfirlasari þá athugasemd að eftir því sem þessi málnotkun yrði algengari færu fleiri að kannast við hana og það myndi draga úr hættu á skilningsleysi eða misskilningi. Það er alveg rétt hjá yfirlasara að það er orðið býsna algengt að heyra orðalag eins og (32b) í auglýsingum í fjölmiðlum. Sumir fréttamenn og stjórnmálamenn segja líka stundum, eða skrifa a.m.k., *mörg telja* eða *sum segja* þar sem hvorugkynsmyndunum *mörg* og *sum* er ætlað að hafa almenna kynhlutlausu merkingu eins og karlkynsmyndirnar *margin* og *sumir* hafa þegar sagt er *margin telja* og *sumir segja* o.s.frv. Oftast sýnir sambengið væntanlega hvað átt er við með þeirri tilbúnu nýjung að nota hvorugkynið á þennan hátt þótt það komi illa við máltilfinningu margra og kannski flestra. En málið er ekki svona einfalt og til þess liggja m.a. eftirtaldar tvær ástæður.

Í fyrsta lagi er tiltölulega auðvelt að finna dæmi þar sem það liggur beint við að skilja hvorugkyn fleirtölu og karlkyn fleirtölu á mismunandi vegu, svo sem í þeim dæmum um fréttafyrirsagnir sem voru til umræðu í kafla 3.2.4 hér frammar. Setningarnar í (63) eru líka býsna skýrt dæmi um þetta (sjá svipaða umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni 2022b:27–28):

(63)a. **Einn** var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær og **tveir** í dag.

b. **Einn** var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær og **tvö** í dag.

Hugsum okkur nú að lögreglan hafi aðeins gefið upp fjölda þeirra fanga sem hér eru til umræðu og engar upplýsingar aðrar. Þá getur fréttamaðurinn bara nefnt töluna og verður að nota sjálfgefið málfræðilegt kyn. Til skamms tíma hefðu allir fréttamenn notað karlkyn í því hlutverki eins og sýnt er í (63a). Ef viðkomandi fréttamaður vill hins vegar reyna að nota

hvorugkyn sem sjálfgefið málfræðilegt kyn myndi hann væntanlega gera það eins og sýnt er í (63b) og segja fyrst *einn* (kk.) og svo *tvö* (hk.) af því að yfirleitt er ekki hægt að nota hvorugkyn eintölu í þessu samhengi þegar fólk á í hlut, eins og bent hefur verið á hér framar. Þá er hins vegar hætta á misskilningi vegna þess að meirihluti landsmanna myndi væntanlega túlka (63b) þannig að *tvö* útilokaði t.d. að um tvær konur hefði verið að ræða. Ef það kæmi nú síðar í ljós að tvær konur hefðu verið hneppar í gæsluvarðhald væri fréttin í (63b) einfaldlega röng — eða hún hefði a.m.k. valdið misskilningi hjá fjölda manns. Formið á (63a) væri hins vegar í samræmi við þá almennu reglu að málfræðilegt karlkyn er — eða hefur verið — sjálfgefið í þeim skilningi sem hefur verið lýst hér framar. Þess vegna er ekkert gefið til kynna um kyn gæsluvarðhaldsfanganna með því að orða fréttina eins og gert er í (63a).

Í öðru lagi er mikilvægt að átta sig á því að ef okkur tækist að breyta verkaskiptingu málfræðilegu kynjanna í daglegu máli Íslendinga á næstu árum eða áratugum á þann hátt að hvorugkyn fengi hlutverk sjálfgefins málfræðilegs kyns í stað karlkyns myndi það væntanlega leiða til misskilnings nýrra kynslóða á öllu íslensku máli fyrir þann tíma, hvort sem það væri ritað eða varðveitt á annan hátt. Þá færi fólk t.d. að túlka setningar eins og *Allir tapa á verðbólgunni* þannig að *allir* ætti bara við karla eða einhvern tiltekinn karlahóp og hefði ekki kynhlutlausu merkingu. Svipað gæti þá átt við um *ríkur* í dæmum eins og *Að vera ríkur er talið eftirsóknarvert*. Ef karlkynið er ekki lengur sjálfgefið myndi liggja beint við að túlka *ríkur* þannig að það ætti bara við karla, rétt eins og við túlkum kvenkynið *rík* þannig að það eigi við konur þegar sagt er *Að vera rík er talið eftirsóknarvert*. Eins gæti karlkynsmyndin *þrír* í málshættinum *Þjóð veit þá þrír vita* verið túlkuð þannig að leyndarmál væru ekki lengur leyndarmál ef þrem körlum væri trúað fyrir þeim. Þannig mætti lengi telja og ég held að það sé ágætt að hafa þetta í huga.

Þrátt fyrir þann eðlismun á hlutverki málfræðilegs karlkyns og málfræðilegs hvorugkyns sem birtist í dæmum á borð við þau sem eru sýnd í (63) og þau sem voru rædd í 3.2.4 er því stundum haldið fram að það sé bara „hefð“ að nota karlkyn sem sjálfgefið málfræðilegt kyn eins og gert hefur verið í íslensku. Þá er jafnvel talað um „hefðarsinna“ annars vegar og „jafnréttissinna“ hins vegar. Ragnhildur Ósk Sævarsdóttir orðar þetta m.a. svona (2021:16, leturbreytingar mínar):

Hefðarsinnar njóta ákveðinnar forréttindastöðu að því leyti að þau hafa málhefð liðinna ára með sér í liði en á móti kemur að **jafnréttissinnar** hafa pólitískan meðbyr jafnréttisstjórn mála á sínu bandi ...

Þessi framsetning gefur vísbendingar um atriði sem hafa verið áberandi í þeirri umræðu um málstýringu sem er stundum kennd við femínista og Ragnhildur Ósk gerir ágæta grein fyrir í ritgerð sinni (sjá líka eldri yfirlitsgrein eftir Finn Friðriksson 2017; ritgerð Hildar Lilliendahl Viggós-dóttur 2020, grein hennar 2022 og skýrslu Ágústu Þorbergsdóttur 2021). En snýst málið í raun og veru bara um hefð annars vegar og jafnrétti hins vegar?

Eins og ég hef rakið annars staðar (Höskuldur Þráinsson 2022b) tel ég augljóst að notkun málfræðilegs karlkyns sem sjálfgefins kyns sé hluti af íslenska málkerfinu. Þetta má m.a. sjá af þeim kerfisbundna mun sem er á verkaskiptingu málfræðilegu kynjanna í íslensku og færeysku (sjá líka umræðuna í 4. kafla hér framar). Íslensk börn tileinka sér þetta kerfi án beinnar tilsagnar (sbr. 3.2.6) og málfræðingar reyna að komast að því hvernig þetta kerfi er og lýsa því, m.a. með því að setja fram þær reglur sem gilda í málinu. Og þetta eru ekki reglur sem málfræðingarirnir hafa búið til heldur lýsing þeirra á eðli tungumálsins og því kerfi sem máltilfinning málnotenda byggist á. Að því leyti eru þessar reglur ólíkar stafsetningarreglum til dæmis. Færeyskar stafsetningarreglur eru að ýmsu leyti ólíkar íslenskum stafsetningarreglum. Færeyingar skrifa t.d. þjóðahæiti með litlum upphafsstaf (*íslendingur, føyoyingur*) en samkvæmt íslenskum stafsetningarreglum skal þar nota stóran upphafsstaf (*Íslendingur, Færeyingur*). En það er ekkert í málkerfinu sem kallar á þetta og þess vegna væri alveg hægt að ákveða að breyta þessu, enda hefur slíkt verið gert.

Þótt ýmsir fylgjendur þeirrar femínísku málstýringar sem felst í því að skipta kynhlutlausu málfræðilegu karlkyni út fyrir hvorugkyn líti svo á að þar sé bara um einhvers konar hefð að ræða sem auðvelt sé að breyta, eins og öðrum hefðum, hafa aðrir viðurkennt að málið sé flóknara en svo. Þannig segir Ragnhildur Ósk (2021:18) í áðurnefndri ritgerð: „enginn Íslendingur á kynhlutlaust mál að móðurmáli, a.m.k. ekki enn sem komið er“ og tekur þar undir sjónarmið sem hún hefur eftir Guðrúnu Þórhallsdóttur. Við getum gefið okkur að á þessum stað, eins og annars staðar í ritgerðinni, sé Ragnhildur Ósk að nota orðalagið *kynhlutlaust mál* m.a. um það að setja hvorugkyn í staðinn fyrir sjálfgefið málfræðilegt karlkyn. Samkvæmt þessu getur sú málstýring sem þarna er til umræðu leitt til þess að „til verður málbeiting sem brýtur í bága við málkerfi móðurmáls“ (Ragnhildur Ósk 2021:4) — og þá ekki bara málkerfi sumra málnotenda heldur málkerfi allra Íslendinga. Í umræðu um þetta er þá kannski sagt eitthvað á þá leið að þetta sé að vísu ekki í samræmi við málfræðina, en „málfræðin stjórnar ekki upplifun fólks“ (Eiríkur Rögnvaldsson 2022:79;

sjá líka Ragnhildi Ósk 2021:18). Það fer þó eftir því hvað við eigum við með orðinu *málfræði*. Ef við erum að hugsa um tilbúnað reglur um það hvernig við **eigum** að tala og skrifa er þetta alveg rétt. En ef við segjum, eins og margir málfræðingar gera nú á tímum, m.a. þeir sem rannsaka máltöku barna, að málfræði sé þær reglur (eða lýsing á þeim) sem lýsa málkunnáttu okkar, liggja að baki máltilfinningu okkar og við höfum yfirleitt tileinkað okkur ómeðvitað þegar á máltökuskeiði, þá á sú „málfræði“ einmitt ríkan þátt í því hvernig við „upplifum“ það mál sem við heyrum eða lesum.

Nú dytti kannski einhverjum í hug að spyrja sem svo hvort við gætum nú ekki þrátt fyrir þetta ákveðið að breyta þeirri verkaskiptingu málfræðilegu kynjanna sem hér hefur verið lýst og vísað í fordæmi Færeyinga í því sambandi. Þar þarf þó að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi varð umrædd breyting ekki í færeysku vegna þess að einhverjir hafi ákveðið að reyna að breyta verkaskiptingu kynjanna af (mál)polítískum ástæðum. Hún gerðist bara „af sjálfu sér“ og við vitum í raun ekki hvernig eða á hve löngum tíma. Þá má auðvitað spyrja hvort sams konar breyting geti ekki orðið í íslensku og auðvitað er það hugsanlegt. Það er þó mun ólíklegra vegna þess að sjálfgefið málfræðilegt karlkyn er „út um allt“ í íslensku ritmáli, bæði gömlum ritum og nýjum, skáldritum, fræðibókum, námsefni, lagatextum, dagblöðum o.s.frv. (sjá Finn Ágúst Ingimundarson 2022:21). Sú staðreynd er auðvitað mikilvægur þáttur í því að móta það málkerfi sem við tileinkum okkur. Aðstæður voru allt öðruvísi í Færeyjum þegar þessi breyting hófst þar. Hún er nefnilega þegar komin til sögunnar þegar farið er að skrifa færeysku og gefa út bækur á því máli fyrir um það bil 200 árum (sjá Höskuld Þráinsson 2022b:31, væntanlegt (kafli 11.5.2)). Þess vegna vann ritað færeyskt mál ekki á móti þessari breytingu þegar hún var að gerast og hún varð ekki heldur til þess að Færeyingar færu að misskilja notkun málfræðilegs kyns í eldri ritum því að þau voru ekki til.

En væri það samt ekki æskilegt frá jafnréttissjónarmiði ef íslenska breyttist á svipaðan hátt og færeyska hefur gert með tilliti til verkaskiptingar málfræðilegu kynjanna? Sumir virðast trúa því að svo sé, sbr. nafngiftina *jafnréttissinnar* um þá sem vilja stuðla að þessari breytingu (sjá tilvitnun í ritgerð Ragnhildar Óskar hér framar). Gæti það ekki dregið úr þeim kynjahalla sem hefur verið í samfélaginu? Ég hef enga trú á því. Í fyrsta lagi kemur sjálfgefið málfræðilegt karlkyn fyrir, bæði í eintölu og fleirtölu, á mun fleiri stöðum í málinu en málnotendur gera sér almennt grein fyrir, eins og hér hefur verið rakið. Þess vegna er vandséð að það gæti haft einhver áhrif í jafnréttisátt að reyna að skipta því út fyrir málfræðilegt hvorugkyn í tilteknum dæmum, jafnvel þótt einhver tengsl væru á milli

notkunar sjálfgefins málfræðilegs kyns og kynjajafnréttis í samfélaginu. Í öðru lagi get ég ekki séð að áður nefnd breyting í færeysku hafi stuðlað að meira jafnrétti í því samfélagi en er hjá okkur.³⁵ Ýmsir virðast samt trú á þessa breytingu, sbr. nafngiftina *jafnréttissinnar* um þá sem vilja stuðla að henni. Þá er litið svo á að sú málnotkun sé *politically correct* eins og það er kallað á ensku. Með þeirri flokkun í málfræðilega jafnréttissinna og aðra hefur það því einmitt gerst sem Eiríkur Rögnvaldsson hefur varað við í umræðu um þetta efni (2022:84): „Það má ekki gerast að fólk verði flokkað eftir málnotkun hvað þetta varðar og annað hvort tilbrigðið verði talið villa eða óviðeigandi málnotkun.“

Loks má minna á að þegar ýmsir stjórnáamenn, fjölmiðlafólk og háskólaafólk reynir að temja sér þessa málnotkun verður það stundum tilgerðarlegt og leiðir oft til alls konar ósamræmis, vandræðalegra mistaka eða leiðréttinga í eigin tali. Ástæðan er sú að til þess að nota málið á þennan hátt verður fólk að taka eigin máltilfinningu úr sambandi tímabundið, ef svo má segja, af því að þetta er ekki móðurmál neins, eins og áður var bent á. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

HEIMILDIR

- Anna Helgadóttir. 2011. *Notkun málfræðilegra kynja í máli ungs fólks. Rannsókn á kynjannotkun í íslensku máli*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<http://hdl.handle.net/1946/8458>>.
- Ágústa Þorbergsdóttir. 2002. Er biblíumál karlamál? Einar Sigurbjörnsson, Hjalti Hugason og Pétur Pétursson (ritstj.): *Trúarbrögð við árfúsundamót*, bls. 83–112. Guðfræðistofnun — Skálholtsútgáfan, Reykjavík.
- Ágústa Þorbergsdóttir. 2021. *Skýrsla um kynhlutlaust mál*. Íslensk málnefnd, Reykjavík. Aðgengileg á slóðinni <<https://islenskan.is/images/skyrslur/Skyrsla-um-kynhlutlaust-mal.pdf>>.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*. Kristín Bjarnadóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. <<https://bin.arnastofnun.is>>. [Sótt í nóvember 2021.]
- Bjarni Jónsson. 1893. *Íslensk málsgreinafræði*. Prentsmiðja Ísafoldar, Reykjavík.
- Corbett, Greville G. 1979. The Agreement Hierarchy. *Journal of Linguistics* 15(2):203–224.
- Corbett, Greville G. 2006. *Agreement*. Cambridge textbooks in linguistics. Cambridge University Press, Cambridge.

³⁵ Sjá líka athugasemdir í þessa veru hjá Irisi Eddu Nowenstein (2013). Iris var þar að svara grein eftir Hildi Knútsdóttur og það spruttu talsverðar umræður um þessar greinar á sama vettvangi (femíníska vefritið *Knúz*) og Finnur Friðriksson (2017:11) víkur stuttlega að þeim í yfirlitsgrein sinni. Það er fróðlegt að skoða þessar umræður en ekki er rúm til að rekja efni þeirra hér.

- Einar Freyr Sigurðsson. 2017. *Deriving Case, Agreement and Voice Phenomena in Syntax*. Doktorsritgerð, University of Pennsylvania, Philadelphia.
- Einar Freyr Sigurðsson og Hlíf Árnadóttir. 2022. Ómarkað kyn í barnamáli. Fyrirlestur fluttur á Frændafundi 11, Reykjavík, 16.–18. ágúst.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2012. *Ritgerðasmið*. Rafræn útgáfa. Slóðin er <<https://issuu.com/eirikurr/docs/ritun2012>>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Rafræn útgáfa. Aðgengileg á slóðinni <<https://issuu.com/eirikurr/docs/hoi>>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2017. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. 2. útgáfa, kynleiðrétt. Rafræn útgáfa. Aðgengileg á slóðinni <<https://issuu.com/eirikurr/docs/ho>>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2021. Klukkan er tvö. Pistill skrifaður 6. mars og aðgengilegur á slóðinni <<https://uni.hi.is/eirikur/2021/03/06/klukkan-er-tvo/>>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2022. *Alls konar íslenska. Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld*. Mál og menning, Reykjavík.
- Finnur Friðriksson. 2017. Research on Language and Gender in Iceland. History and Current Trends. *HumaNetten* 38:7–24. <<https://doi.org/10.15626/hn.20173802>>.
- Finnur Ágúst Ingimundarson. 2020. *Hvorugt eða hvort tveggja? Um hvorugkyn með vísan til fólks í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengileg á slóðinni <<http://hdl.handle.net/1946/35418>>.
- Finnur Ágúst Ingimundarson. 2022. Mál og kyn í ljósi sögu og samtíma. *Málfregnis* 30:13–22.
- Grönberg, Anna Gunnarsdóttir. 2002. Masculine Generics in Current Icelandic. Marlis Hellinger og Hadumod Bußmann (ritstj.): *Gender Across Languages* 2, bls. 163–185. John Benjamins, Amsterdam.
- Guðrún Kvaran. 2001. Hvers vegna er sagt: „klukkan er eitt, tvö eða þrjú,“ alltaf í hvorugkyni, en ekki í kvenkyni úr því að klukkan er kvenkynsorð? *Vísindavefurinn* 17. desember. Slóðin er <<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2012>>.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2005. Hvað mælir gegn „máli beggja kynja“? *Skíma* 28(2):44–47.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Gliman* 5:103–134.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2009. Raunkyn, eðliskyn og fleiri kynlegar hliðar á kyni. Óbirt dreifiblað frá 23. Rask-ráðstefnunni, Reykjavík, 31. janúar.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015a. Gender Agreement in 19th and 20th Century Icelandic. Jürg Fleischer, Elisabeth Rieken og Paul Widmer (ritstj.): *Agreement from a Diachronic Perspective*, bls. 267–286. De Gruyter, Berlín.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2015b. Notkun málfræðilegra kynja í íslensku og færeysku. Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.): *Frændafundur 8*, bls. 159–181. Fróðskapur, Þórshöfn.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2019. Hvers vegna er karlkyn kallað hlutlaust eða sjálfgefið? *Vísindavefurinn* 9. maí. Slóðin er <<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=67942>>.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2022. Hvað er kynhlutleysi? Röksemdir, hugtök og heiti. *Málfregnis* 30:5–12.
- Hallberg Hallmundsson. 1996. Um kynferðislega misnotkun fornafna. *Morgunblaðið* 3. janúar, bls. 46.

- Halldór Ármann Sigurðsson. 2015. Gender: PF Reflection of an Edge Linker. <<http://ling.auf.net/lingbuzz/002467>>.
- Helgi Skúli Kjartansson. 2021. Of lítið á sig lagt. *Möggubrár heklaðar Margréti Jónsdóttur sjötugri 21. mars 2021*, bls. 79–82. Rauðhetta, útgáfufélag, Reykjavík. Ritið má finna á slóðinni <<https://www.arnastofnun.is/is/utgefing-efni/moggubrar-hekladar-margretijonsdottur-sjotugri-21-mars-2021-0>>.
- Hellinger, Marlis, og Hadumod Bußmann. 2001. Gender Across Languages. Marlis Hellinger og Hadumod Bußmann (ritstj.): *Gender Across Languages 1*, bls. 1–25. John Benjamins, Amsterdam.
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. 2020. *Annar ófriskur, hinn á túr. Tilraunir til breytinga á tungumálinu í þágu jafnréttis*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<http://hdl.handle.net/1946/36955>>.
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. 2022. „Að berja niður venjulegt málfar meirihlutans í pólitískum tilgangi.“ *Málfregni* 30:33–36.
- Hjalmar P. Petersen. 2009. *Gender Assignment in Modern Faroese*. Verlag Dr. Kovač, Hamburg.
- Hjalmar P. Petersen. 2020. *Føroysk mállæra 2. Grunddrøg i føroyskari syntaks*. Nám, Þórs-höfn.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga III. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2021a. *Handbók um málfraði*. 3. útgáfa. Mál og menning, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2021b. Umboðsmaður Alþingis og verkaskipting kynjanna. *Morgunblaðið* 29. maí, bls. 27.
[Greinin er líka aðgengileg á slóðinni <<http://malfar.arnastofnun.is/grein/73991>>.]
- Höskuldur Þráinsson. 2022a. Airports and Islands. The Icelandic Gender System and Some Standardization and Reformation Attempts. Laura Grestenberger, Charles Reiss, Hannes A. Fellner og Gabriel Z. Pantillon (ritstj.): *Ha! Linguistic Studies in Honor of Mark R. Hale*, bls. 351–367. Dr. Ludwig Reichert Verlag, Wiesbaden. <<https://doi.org/10.29091/9783752000856>>.
- Höskuldur Þráinsson. 2022b. Hvað eru kynin mörg? *Málfregni* 30:23–32.
- Höskuldur Þráinsson. Væntanlegt. Syntaktiskar broytingar. Kafli í bókinni *Føroysk málsøga*. Mál, Þórshöfn.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese. An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Þórs-höfn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 1996. Er kyn þótt ...? Um misnotkun orða og orðasambanda. *Dagur* 28. febrúar, bls. 5.
- Iris Edda Nowenstein. 2013. Að gera málkerfið að karlrembusvíni. *Knúz — femínískt vefrit* 17. apríl. <<https://knuz.wordpress.com/2013/04/17/ad-gera-malkerfid-ad-karlrembusvini/>>.
- Íslensk nútímamálsorðabók. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<https://islenkordabok.arnastofnun.is/>>. [Sótt í nóvember 2021.]
- Jón G. Friðjónsson. 1990–1991. Beygingarsamræmi með samsettu frumlagi. *Íslenskt mál* 12–13:79–103.

- Jón Axel Harðarson. 2001. Um karla og karlynjur: Málfræðilegt samband karlkyns og kvenkyns í íslensku frá sögulegu og samtímalegu sjónarhorni. *Íslenskt mál* 23:253–274.
- Jón Hilmar Jónsson. 1982. Um visiorð í íslensku og viðskeytið *-na*. *Íslenskt mál* 4:221–262.
- Katrín Axelsdóttir. 2018. 223. pistill. Upphaflega birtur í tölvupóstpistlum Jóns G. Friðjónssonar en aðgengilegur í Málfræðibankanum á slóðinni <<http://malfar.arnastofnun.is/grein/73816>>.
- Kramer, Ruth. 2015. *The Morphosyntax of Gender*. Oxford University Press, Oxford.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Seinni hluti. Íðunn, Reykjavík.
- Matasović, Ranko. 2004. *Gender in Indo-European*. Winter, Heidelberg.
- Málfregnir* 30. 2022. Netútgáfa. Slóðin er <<https://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2022-30-1-tbl.pdf>>.
- Norris, Mark. 2012. Towards an Analysis of Concord (in Icelandic). Jaehoon Choi, E. Alan Hogue, Jeffrey Punske, Deniz Tat og Jessamyn Schertz (ritstj.): *Proceedings of the 29th West Coast Conference on Formal Linguistics*, bls. 205–213. Cascadilla Proceedings Project, Somerville, MA.
- Ragnhildur Ósk Sævarsdóttir. 2021. *Timarnir breytast og málbeiting með. Hvernig birtist kynhlutlaus mál í íslensku?* BA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <<http://hdl.handle.net/1946/39898>>.
- Risamálheildin*. Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson o.fl. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. <<https://malheildir.arnastofnun.is/>> [Sótt í nóvember 2021.]
- Sagnir og ævintýr 1*. Jakob Jakobsen tók saman. H.N. Jakobsens Bókahandil, Þórshöfn, 1984. [Jakobsen safnaði efninu og skrifaði það upp 1892–1898 og gaf það upphaflega út um aldamótin 1900.]
- Sigríður Mjöll Björnsdóttir. 2021. *Discovering Gender and Inflection. A View from Icelandic*. Doktorsritgerð, Tromsøháskóla, Tromsø. <<https://hdl.handle.net/10037/22438>>.
- Timarit.is*. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: <<http://timarit.is>>. [Sótt í nóvember 2021.]
- Vinkonur og vinir Jesú*. 1999. Kvennakirkjan, Reykjavík.
- Wechsler, Stephen. 2009. “Elsewhere” in Gender Resolution. Kristin Hanson og Sharon Inkelas (ritstj.): *The Nature of the Word. Studies in Honor of Paul Kiparsky*, bls. 567–586. MIT Press, Cambridge, MA. <<https://doi.org/10.7551/mitpress/9780262083799.003.0024>>.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2017. *Individuation and Agreement. Grammatical Gender Resolution in Icelandic*. Meistararitgerð, University of Leiden, Leiden. <<https://hdl.handle.net/1887/52115>>.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. 2019. Agreement with Conjoined Singular Noun Phrases in Icelandic. *Glossa: a journal of general linguistics* 4(1):1–33. <<https://doi.org/10.5334/gjgl.696>>.
- Þórarinn Eldjárn. 1996. Kynjakalkvistur. *Morgunblaðið* 10. janúar, bls. 24–25.

Lykilorð: málfræðilegt kyn, merkingarlegt kyn, vísandi kyn, samræmiskyn, samræmi, samræmissígveldi, sjálfgefið (ómarkað) málfræðilegt kyn, íslenska, færeyska, málstöðlun

Keywords: gender agreement, grammatical gender, semantic gender, referential gender, agreement hierarchy, default grammatical gender, Icelandic, Faroese, language standardization, language reform

S U M M A R Y

‘Three genders’

Icelandic has a rich gender system. Nouns come in three genders (masculine, feminine, neuter) and adjectives, various pronouns and the numerals 1–4 inflect for gender. Attributive gender-inflected words always agree in gender with the nouns that they modify. Predicative adjectives typically show gender agreement with the relevant nominative subject, and pronouns often agree in gender with nouns that they refer to. In some instances, however, the gender of predicative adjectives and, more frequently, pronouns is not determined by any particular noun in the text but by something outside the language which is being referred to. It has been pointed out in the literature that such exceptions to grammatical agreement follow the well-known agreement hierarchy proposed by Corbett (1979) in that they do not occur at all in the case of attributive modifiers and they are less common in the case of predicatives than pronouns. It is argued in the paper, however, that the traditional distinction between “grammatical gender” (or “grammatical agreement”) and “semantic gender” (or “semantic agreement”) is insufficient when one tries to explain the distribution and meaning of gender-inflected forms. This distribution can be better accounted for in terms of the three “genders” (or gender-types, rather) “agreement gender”, “referential gender” and “default grammatical gender”. The bulk of the discussion then centers around the choice between agreement gender and referential gender on the one hand (section 3.1) and between referential gender and default grammatical gender on the other (section 3.2). Section 4 is devoted to a brief comparison between the Icelandic and Faroese gender systems where the main difference is that grammatical masculine has had the status of default grammatical gender in Icelandic as far back as can be traced whereas neuter has more of a default status in Faroese. Section 5 sums up the main points of the paper while section 6 is actually an appendix, which briefly relates the analysis of gender presented in the paper to certain standardization and reform proposals where agreement gender has sometimes been recommended instead of referential gender (standardization) and neuter proposed as default grammatical gender instead of masculine (feminist reform).

Höskuldur Þráinsson
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
IS-102 Reykjavík, ÍSLAND
hoski@hi.is